



Ársskýrsla 2022

| Embætti landlæknis



Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| Aðfararorð landlæknis | 3 |
| Hlutverk, framtíðarsýn og stefna | 4 |
| Mannauður | 5 |
| Vefur | 6 |
| Rafræn upplýsingakerfi | 7 |
| Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu | 8 |
| Heilbrigðisupplýsingar | 11 |
| Lýðheilsa | 15 |
| Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna | 21 |
| Sóttvarnir | 25 |
| Fjárhagur | 29 |



Mörg verkefni voru á borði embættis landlæknis árið 2022 eins og lesa má um í þessari ársskýrslu. Landlæknir hefur ítrekað bent á að brýnt er að styrkja embættið svo unnt sé að bregðast við aukningu í lögbundnum verkefnum þess.

Miklar áskoranir blasa við í heilbrigðisþjónustu og endurspeglast þær í starfi embættisins. Eftirspurn eftir þjónustu vex; vegna öldrunar þjóðar sem er ánægjuleg þróun en einnig vegna aukningar á langvinnum sjúkdómum. Þannig eykst kostnaður í umhverfi þar sem fjármögnun er krefjandi. Samfara er mikill vandi við að manna kerfið heilbrigðisstarfsfólki. Ofan á bætast bein og óbein áhrif faraldursins, m.a. með lengri bið eftir þjónustu. Sýklalyfjaónæmi og loftslagsbreytingar munu hafa víðtæk áhrif sem og stríð í álfunni. Það blasir því við að heilbrigðiskerfið er að óbreyttu ekki sjálfbært.

Bregðast þarf við þessum áskorunum með víðtækum hætti, bæði til skemmri og lengri tíma. Leita þarf allra leiða til að nýta heilbrigðiskerfið með sem skynsamlegustum hætti þannig að þjargir, hvort heldur fjármunir, mannauður eða húsnæði, skili sér í sem bestri heilsu. Þar þarf m.a. að huga að skipulagi og samþættingu þjónustu, nýsköpun, fjarþjónustu og bestun verkferla. Huga þarf sérstaklega að gæðum og öryggi þjónustunnar því ef þar skortir á verður til svokölluð soun, þ.e. þjónusta sem ekki skilar sér í betri heilsu. Fyrst og síðast þarf þó að huga að mannauðnum; að mönnum sé í takti við umfang og eðli verkefna. Bæði þarf að huga að því að fjölga nemum í heilbrigðisstéttum en einnig að heilbrigðisstarfsfólk sé ánægt og haldist í starfi. Þar skipta máli fjölmargir þættir; heilsusamlegt starfsumhverfi, bætt vinnuskipulag, hæfilegt álag, góðar aðstæður og kjör.

Mikilvæg leið til að bregðast við ofangreindum áskorunum er enn fremur að efla lýðheilsu, með heilsueflingu og forvörnum. Þannig ætti að vera hægt að minnka eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu. Heilsa er afurð af flóknu samspili einstaklinga við sitt nánasta umhverfi og aðstæður og tekur því til samfélagsins alls. Einstaklingar geta lifað heilsusamlegu lífi með því að leggja áherslu á góðan svefn, reglulega hreyfingu, hollt mataræði, geðrækt og með því að forðast áfengi og tóbak. Aðrir áhrifaþættir heilsu varða hvers kyns aðstæður í lífi, leik og starfi og hafa þeir áhrif á hversu auðvelt er fyrir fólk að hlúa að heilsu sinni og vellíðan. Má þar sem dæmi nefna framboð á, aðgengi að og gæði atvinnu, húsnæðis, menntunar, félagsþjónustu sem og heilnæmi vatns, lofts og annarra umhverfisþátta. Mikilvægt er að lýðheilsa sé höfð að leiðarljósi við alla stefnumótun og aðgerðir ríkis og sveitarfélaga því félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, byggt og náttúrulegt umhverfi, hafa mikil áhrif á lýðheilsu.

Embætti landlæknis vinnur samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Starf embættisins kemur inn á marga þá þætti sem að ofan voru nefndir enda megin hlutverk embættisins að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og forvörnum. Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki hjá embættinu fyrir vel unnin störf við krefjandi aðstæður árið 2022. Það er ósk mín að embætti landlæknis farnist vel við að stuðla að heilsu og vellíðan landsmanna, einstaklingum og samfélaginu öllu til heilla.

Alma D. Möller landlæknir

Hlutverk, framtíðarsýn og stefna

Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefingu og forvörnum. Nánnar er kveðið á um hlutverk embættis landlæknis í [lögum um landlækni og lýðheilsu](#).

Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna byggð á heilsuefingu, forvörnum og aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Starfsáætlun

Árlega er lögð fram [starfsáætlun](#) sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum; heilbrigðisstefnu, lýðheilsu, sóttvörnum og innra starfi.

Gildin okkar

Ábyrgð Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara

Virðing Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitsemi góðvild og sanngirni.

Traust Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hviðvetna.

Embætti landlæknis

| Heilbrigðisstefna | Lýðheilsa | Sóttvarnir | Innra starf |
|---|--|---|---|
| <p>Áætlun</p> <ul style="list-style-type: none"> Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd Efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu Auka notkun og miðlun gagna úr heilbrigðissskrám til ráðgjafar og eftirlits Áframhaldandi þróun og innleiðing rafrænna heilbrigðislausna | <p>Áætlun</p> <ul style="list-style-type: none"> Markviss vöktun á lýðheilsu og ráðgjöf henni tengd Styðja sveitarfélög, skóla, vinnustaði og heilsugæslu í heilsuefandi starfi og tengja við Heimsmarkmið og Barnasáttmála SP Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsuefandi starfi Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu Styðja heilsuefandi starf með viðeigandi gögnum | <p>Áætlun</p> <ul style="list-style-type: none"> Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um smitsjúkdóma og áhættumat þeirra Framkvæma almennar bólusetningar Bregðast við heilbrigðisögnum með viðeigandi hætti og í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra Endurskoðun viðbragðsáætla og leiðbeininga um sóttvarnir Áframhaldandi viðbrögð og uppgjör vegna heimsfaraldurs COVID-19 | <p>Áætlun</p> <ul style="list-style-type: none"> Endurspegla ábyrgð, virðingu og traust í starfi embættisins Skilvirk stjórn fjármála Þróa áfram rafræna stjórnsýslu hjá embættinu Efla öryggis- og gæðastjórnun Efla embættið sem heilsuefandi vinnustað |
| <p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Vinna að innleiðingu áætlunar um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti Efla áfram rafræna þjónustu í Heilsuveru Þróa nýja skimunarskrá sem einnig styður við ristilskimanir Birta lykilveru um árangur heilbrigðisþjónustu í alþjóðlegum samburði Innleiða samræmda atvikaskráningu um allt land Vinna áfram að þróun miðlægra biðlista Fylgjast með aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn Birta gæðavísu vegna krabbameinsskimana Endurskoða eftirlit með lyfjaávisunum Helja þróun miðlægrar sykursýkisskrár Þátttaka í endurskoðun lagaákvæða um meðferð alvarlegra atvika og kvartana Þátttaka í endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðissskrár og miðlægar heilbrigðislausnir DRG vinnsla vegna breyttrar fjármögnunar sjúkrahúsa Vinna að Lífsskrá og miðlægu snjóhorni Áframhaldandi þróun fjarheilbrigðisþjónustu Endurskoða stefnu um rafrænar lausnir í heilbrigðisþjónustu | <p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Framfylgja Lýðheilsustefnu Áframhaldandi mat á áhrifum faraldurs COVID-19 á lýðheilsu Innleiða lýðheilsumat Leggja fyrir rannsóknina Heilsa og líðan á Íslandi Áframhaldandi efling gagna og frekari greiningu lýðheilsuvísu m.t.t. þarfa heilsuefandi samfélaga. Kynna upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsuefingu og forvarnir Halda heilsuefandi vinnustofur og fræðslufundi til að styrkja starfið á landsvisu. Vinna með þróunarmiðstöð heilsugæslu að heilsuefandi þjónustu og tengingu við heilsuefandi samfélög Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngripi í heilsugæslu vegna áfengisvanda Áframhaldandi þróun heilsuefandi.is m.t.t. þarfa Heilsuefandi samfélags, skóla og vinnustaða Vinna að auknu heilsulæsi m.a. í gegnum Heilsuveru Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígsforvarnir Vitundarvakning um mikilvægi svefns Halda Norrænu lýðheilsuráðstefnuna 2022 Gefa út ráðleggingar um heilsuefingu og forvarnir í skólum Þátttaka í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu | <p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Áframhaldandi vöktun, viðbrögð og endurmat vegna COVID-19 Áframhaldandi fræðsla um sýkingavarnir til umdæmislækna og heilbrigðisstarfsfólks Endurskoðun viðbragðsáætla og leiðbeininga um sóttvarnir í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í bólusetningum Auka þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma | <p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Vinna markviss með gildi embættisins í daglegu starfi Innleiða gátlista um heilsuefingu á vinnustaðnum Endurnýja heimasíðu embættisins Fylgjast með trausti almenninga til embættisins Koma á vefgáttum til umsókna um starfsleyfi og rekstrarleyfi Koma á vefgáttum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntara atvika í heilbrigðisþjónustu Endurskoða og viðhalda gæða- og öryggiskerfi embættisins Ná fram gæðavísu um málsmeðferðartíma og svartíma erinda Ljúka við innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri Gera starfsmannakannanir með reglubundnum hætti Vinna áfram að skilvirku samstarfi milli sviða |

Mannauður og símenntun

Í árslok 2022 [störfuðu 69 einstaklingar](#) hjá embætti landlæknis, í samtals [66,8 stöðugildum](#). Allt starfsfólk sem hafði verið í tímabundnu starfi í verkefnum tengdum COVID-19 hafði látið af störfum í árslok 2022.

Föstu starfsfólki fjölgaði um eitt en stöðugildum fjölgaði um 2,4 frá fyrra ári. Í [fullu starfi voru 62](#) en aðrir í lægra starfshlutfalli, þ.e. frá 50% - 80%. Auk starfsfólks í föstu starfi komu verktakar að ýmsum verkefnum innan embættisins, fyrst og fremst að fjölbreyttri hugbúnaðargerð. Laun og launatengd gjöld voru um 61% af heildarútgjöldum stofnunarinnar en þau námu samtals um 1.062 milljónum á árinu. [Meðalaldur starfsfólks var 50,1 ár](#), sá yngsti var 26 ára og sá elsti 68 ára. Áfram er viðvarandi kynjahalli hjá embættinu en í árslok voru [konur tæplega 73% starfsfólks](#).

Á árinu voru [13 störf auglýst laus til umsóknar](#) og voru 68% umsækjenda konur. Ráðnar voru 8 konur og 3 karlar til starfa en hætt var við ráðningu í 2 störf. Auk þess var ráðið í 7 tímabundin störf og voru þar ráðnar 4 konur og 3 karlmenn.

Embætti landlæknis hefur á að skipa öflugum og reynslumiklu starfsfólki, með mjög fjölbreytta menntun og viðtæka reynslu. Embættið leggur ríka áherslu á að styðja starfsfólk sitt við að afla sér þekkingar og að starfsfólk hafi tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Í stofnanasamningum á milli embættisins og stéttarfélaganna eru ákvæði um markvissa sí- og endurmenntun og í því skyni er starfræktur öflugur símenntunarsjóður. Þá er embættið [heilsueflandi vinnustaður](#) þar sem markvisst er unnið að því að efla heilsu og vellíðan starfsfólks.

Græn skref

Á árinu 2022 var haldið áfram við innleiðingu [grænna skrefa](#) í ríkisrekstri og lauk embættið við [fyrstu þrjú skrefin](#) á árinu. Verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur embættisins með kerfisbundnum hætti og tekur til allra þátta í innra starfi embættisins.

Samkvæmt loftslagsstefnu embættisins ætlar embættið að vera til fyrirmyndar í sjálfbærni og leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftlagsbreytingar. [Embættið stefnir að 40% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda](#) (miðað við árið 2019) [fyrir árið 2030](#). Auk þess verði stefnt að kolefnishlutleysi með hagræðingu í rekstri og eftirstandandi losun verði kolefnisjöfnuð með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.



Í mars 2022 tók starfsfólk embættisins á móti viðurkenningarskjali frá fulltrúa Umhverfisstofnunar sem staðfesti að fyrsta græna skrefið hefði verið tekið.



Starfsfólk embættis landlæknis var venju samkvæmt virkt í þátttöku í [Lífshlaupinu](#). Árið 2022 bar embættið sigur úr býtum í flokki vinnustaða með 70-149 starfsmenn, bæði fyrir flesta daga og mínútur. Myndin var tekin við afhendingu verðlauna í febrúar 2022.

græn SKREF

3. skrefi lokið

Vefurinn

Einn helsti farvegur embættis landlæknis fyrir upplýsingar, fræðslu- og kynningarstarf er um vefinn www.landlaeknir.is. Á vefnum geta notendur nálgast upplýsingar um öll helstu verkefni embættisins, þar á meðal um starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna, rekstur heilbrigðisþjónustu, eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu, lýðheilsu, heilsueflingu og forvarnir, sóttvarnir, smitsjúkdóma og bólusetningar. Þá er vefsvæði embættis landlæknis mikilvæg uppspretta margvíslegrar tölfraði um heilbrigði þjóðarinnar og þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi. Vefurinn þjónar þannig margþættum tilgangi fyrir bæði fagfólk í heilbrigðisþjónustu og almenning.

Á árinu var unnið að [þróun nýs vefjar undir merkjum Ísland.is](#) en að þeirri vinnu komu fjölmargir starfsmenn embættisins. Hinn nýi vefur mun leysa af hólmi eldri vef sem verið hefur í notkun í liðlega áratug eða síðan 2012. Við þróunina var áhersla lögð á að einfalda vef embættisins til muna en um leið unnið að því að bæta upplýsingagjöf, notendaupplifun og aðgengi. Er það í takt við áherslur sem finna má í stefnu um [stafræna þjónustu hins opinbera](#). Um mitt ár 2022 var farið að birta einstakar vefsíður á Ísland.is eftir því sem þær voru tilbúnar en nýr vefur var opnaður formlega snemma árs 2023 með flutningi lénsins www.landlaeknir.is.



Tengd vefsvæði og samfélagsmiðlar

Embætti landlæknis rak á árinu nokkra tengda vefi, s.s. covid.is í samstarfi við almannavarnir, heilsueflandi.is sem er vettvangur fyrir markvisst lýðheilsustarf í sveitarfélögum, skólum og vinnustöðum, hreyfitorg.is sem hefur það markmið að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna, skafi.is sem heldur utan um rafræna birtingu flokkunarkerfa í heilbrigðisþjónustu og skraargat.is sem auðveldar val á hollari matvöru.

Auk ofangreindra vefsvæða heldur embætti landlæknis úti síðum á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram. Þá starfrækja einstök verkefni hjá embættinu síður á samfélagsmiðlum, s.s. Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar, Heilsueflandi samfélag, Ráðleggingar um mataræði auk þess sem sóttvarnalæknir heldur úti síðu um bólusetningar og önnur viðfangsefni sóttvarna.

Fréttir

Embætti landlæknis birti um **160 fréttir** á árinu 2022 eða að jafnaði um þrjár fréttir í viku hverri. Allar [fréttir af starfsemi árið 2022](#) má finna á vef.



Árið 2022 var síðasta árið sem gamli vefur embættis landlæknis var í birtingu. Hann var fyrst birtur árið 2012 eftir sameiningu Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar. Vefurinn fékk að víkja snemma árs 2023 fyrir nýjum og endurbættum vef undir merkjum Ísland.is.

Útgefið efni

Embætti landlæknis gefur árlega út fjölbreytilegt efni, að stærstum hluta á vef. Um er að ræða ýmis konar kynningar-efni, leiðbeiningar, skýrslur, dreifibréf og fréttabréf sem allt er hægt að nálgast í [útgefnu efni](#) á vef.

Erlent samstarf

Embætti landlæknis tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi með alþjóðastofnunum og samtökum á Norður-löndum, í Evrópu og á heimsvísu. Nánar er fjallað um [erlent samstarf](#) á vef.

Þróun upplýsingakerfa og gagnagrunna

Árið 2022 dró talsvert úr því mikla álagi við gagnasöfnun og gagnagreiningu sem fylgdi COVID-19 faraldrinum. Skapaðist þá aukið svigrúm til að sinna hefðbundnum gagnavinnsluverkefnum stofnunarinnar. Hleypt var af stokkunum nýjum tölfræðigrunni lyfjaávisanagagna ásamt nýjum hugbúnaði fyrir lyfjaeftirlitsteymi embættisins, þróað var viðmót til að halda utan um takmarkanir lækna á útgáfu lyfjaávisana eftir lyfjaflokkum, rafræn móttaka dánarvottorða varð að veruleika, DRG-flokkun sjúkráhúsgagna var útfærð í SAP/BO vöruhúsa-kerfinu og hugbúnaður til að annast úrvinnslu gagna um sýklalyfjanotkun fyrir Sóttvarnastofnun Evrópu var útbúin, svo fátt eitt sé nefnt.

Auk venjulegs viðhalds tölvukerfa, hugbúnaðar og vöruhúsa gagna var stöðug vinna í gangi við samþættingu og úrvinnslu hvers kyns gagna sem embættið móttækur og varðveitir. Síðast en ekki síst var mikil aukning í gagnvirkri birtingu á vef þar sem gögnin koma úr hinum ýmsu gagnagrunnum embættisins.

Rekstur, hýsing og þjónusta við útstöðvar

Hýsingarsamningur embættisins við Advania rann út 2021. Þá var ráðist í örútboð að nýju þar sem óskað var eftir tilboði í hýsingu og rekstrarþjónustu fyrir miðlægan rekstur upplýsingakerfa til þriggja ára með framlengingu um eitt ár í senn, tvisvar sinnum. Samtals bárust fimm tilboð snemma árs 2022, frá Advania, Opnum kerfum, Sensa og tvö frá Origo og voru fjögur þeirra lægri en kostnaðaráætlun.

Forsendur ákvörðunartöku byggðust á fyrirfram skilgreindri einkunnargjöf, þar sem 80% var gefið fyrir verð og 20% fyrir gæði og voru þau viðmið ítarlega skilgreind í örútboðinu. **Tilboð Sensa reyndist hagkvæmast** þegar tekið var tillit til allra þátta og var því gengið til samnings við fyrirtækið í maí 2022. Þá var hafist handa við að undirbúa flutning og reyndist undirbúningur umfangsmeiri en ráð var fyrir gert, m.a. vegna vinnu við áhættumat tengt flutningum og innviðum og gerð vinnslusamninga. Að þeirri vinnu komu m.a. bæði persónuverndarfulltrúi og öryggisstjóri embættisins og fór endanlegur flutningur síðan fram í október.

Í kjölfar flutnings innviða embættisins og rekstrarþjónustu útstöðva var síðan hafist handa við **flutning innviða miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna** sem áður voru hýstar hjá Advania en Origo fékk þann hýsingar- rekstrarsamning í örútboði 2021. Þar er um að ræða Heilsuveru, Heklu skeyta-miðlara og Datix atvikaskráningarkerfi.

Innleiðing embættisins í Microsoft **skýjageirann** stóð nánast í stað á árinu og er embættið ennþá í svokölluðu *hybrid* umhverfi, þ.e. „*on-prem*“ með miðlara í hýsingu Sensa annars vegar en nýtir Microsoft Office pakkann í skýinu hins vegar, með takmörkunum þó. Vilji er til að flytja tölvupóstinn upp í skýið, en ekki hefur gefist tími til að áhættumeta það verkefni. Öryggisflokkun gagna ríkisins var einnig gefin út á árinu eftir umfjöllun í samráðsgátt.

Vegna fyrirséðra breytinga í starfsmannahaldi var óháður ráðgjafi fenginn til **að endurskipuleggja hugbúnaðarþróun og rekstur upplýsingakerfa** embættisins. Hafði ráðgjafinn sem fékkst til starfans áður unnið fyrir embættið að örútboði hýsingar og reksturs útstöðva.

Settar voru upp vinnustofur með starfsmönnum þar sem farið var yfir verkefni hvorrar einingar og þau kortlögð. Í kjölfar þeirrar vinnu var ákveðið að **sameina teymi rafrænna upplýsingakerfa og miðstöð rafrænna heilbrigðislausna** (MRH) og endurskipuleggja svið MRH. Auglýst var eftir teymisstjóra reksturs og teymisstjóra vöruhúss gagna og sá fyrrnefndi ráðinn í lok árs en breytingin tók gildi 1. janúar 2023.

Rafræn stjórnsýsla

Sem fyrr leggur embættið mikla áherslu á **aukna rafræna stjórnsýslu til hagræðingar**, bæði fyrir almenning og starfsfólk. Unnið hefur verið í ýmsum verkefnum, bæði innanhúss og í samstarfi við Ísland.is. Má þar helst nefna móttöku rafrænna dánarvottorða úr Sögu sjúkraskrárkerfi sem fram að þessu hafa verið handskráð af pappír í dánarmeinaskrá hjá embættinu, innsiglu og sendingu tilkynninga um rekstur í pósthólf Ísland.is og rafrænar undirritanir skjala fyrir starfsleyfi.

Embættið hefur haft frumkvæði af samvinnu við **Ísland.is** í tengslum við ýmsa rafræna þjónustu og eru nokkur verkefni í gangi eða á teikniborðinu, s.s. umsókn starfsleyfa á vef, rafrænar tilkynningar um rekstur, upptaka ARK greiðslukerfis Fjár-sýslunnar og endurskrift nýrrar rafrænnar auðkenningar Ísland.is. Bindur embættið miklar vonir við samstarfið við Stafrænt Íslandi.

Innleiðing embættisins á **Straumnum** (X-Road) miðaði hægt á árinu sem skýrist að miklum hluta af því hversu fáar stofnanir voru komnar í gang með sína innleiðingu og því lítil virkni og lítið framboð af vefþjónustum. Þó náðist sá árangur að nú eru daglega sóttar upplýsingar um sjúkratrygðna til Sjúkra-trygginga Íslands í gegnum Strauminn og eru væntingar um stórukið framboð og virkni í X-Road umhverfinu á næstu árum.



Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Árið 2022 var annasamt á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu eins og undanfarin ár. Fyrirætlanir um hagræðingu með innleiðingu stafræns umhverfis, t.d. gáttir til móttöku gagna og einfaldari stafræn skjalavinna og skjalasendingar, gengu ekki eftir. **Málum fjölgaði í flestum málaflokkum**, ekki hvað síst flóknum málum. Í lok árs voru stöðugildi á sviðinu 15,4 samanborið við 14,5 í lok árs 2021 og 16,4 í lok árs 2020. Ljóst er að ekki var raunhæft að hagræða í störfum til að vinna upp á móti styttingu vinnuvikunnar, sem samið var um í almennum kjarasamningum og nær til flestra starfsmanna sviðsins, enda hafði áður verið unnið að aukinni skilvirkni.

Vinna við endurskoðun ákveðinna þátta laga um landlækni og lýðheilsu hófst á árinu, undir stjórn heilbrigðisráðuneytisins. Þetta er viðamikil verkefni og jókst sífellt að umfangi eftir því sem leið á árið. **Frumvarp til laga** um breytingu á 10. gr. og að litlu leyti 12. gr. laganna var að mestu tilbúið í lok árs en fyrir séð að breytingar kæmu ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi síðla árs 2023.

Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Embætti landlæknis hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki. Ein af aðaláherslum í starfsáætlun embættis landlæknis er að efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Mikilvægur liður í því var innleiðing **áætlunar um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030**. Embættið stuðlar meðal annars að þessu með fræðslu, ráðgjöf og eftirliti.

Á árinu voru gerðar nokkrar **úttektir** á heilbrigðisstofnunum.



Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu

Á árinu fækkaði formlegum **kvörtunum vegna heilbrigðisþjónustu** í fyrsta sinn frá 2018. Hluti skýringar þess er að fleiri kvartanir/erindi hafa reynst falla undir **athugasemdir við þjónustu** og er því vísað til viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns, til afgreiðslu. Í lok árs 2022 voru 393 **kvartanir** óafgreiddar í samanburði við 341 kvörtun í lok árs 2021. **Málsmeðferð og rannsókn kvartana hefur tafist** verulega. Það skýrist m.a. af fjölgun umfangsmikilla mála og að starfsmenn sem sinna þessum málum hafa í auknum mæli orðið að taka að sér önnur mikilvæg verkefni, t.d. er varðar tilkynningar og rekstur. Í fyrirhuguðum breytingum á lögum um landlækni og lýðheilsu er eitt markmiðið að einfalda málsmeðferð og að afgreiðsla formlegra kvartana verði í samræmi við eftirlitsskyldu embættisins, þ.e. til að stuðla að gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar.

Á árinu 2022 voru gefin út álit landlæknis í 59 kvartanamálum, samanborið við 138 árið 2021 og 46 árið 2020. **Á árinu 2021 tókst að ljúka óvenju mörgum og einfaldari málum með sérstöku átaksverkefni og breyttu verklagi**. Einkum var um að ræða kvartanamál sem voru á lokastigi 2020 en náðist ekki að ljúka þá.

Atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2022 voru 10.859 óvænt **atvik** skráð í íslenski heilbrigðisþjónustu skv. 9. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, sem er fækkun frá síðasta ári en þá voru skráð atvik 11.474. Með **óvæntu atviki er átt við óhappatívik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni**. Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu árið 2022 voru bylur/föll, alls 5.559 talsins (49% skráðra atvika). Önnur algeng skráð atvik tengdust lyfjameðferð, eða samtals 1.574 talsins á landsvísi (14% skráðra atvika).


| Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika á öllum heilbrigðisstofnunum 2022 | |
|--|---------------|
| Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK) | 5.741 |
| Landspítali (LSH) | 4.816 |
| Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) | 302 |
| Samtals | 10.859 |

Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólki og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber í samræmi við 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegri örkuþun.

Á árinu fækkaði einnig tilkynningum um [alvarleg óvænt atvik](#) í heilbrigðisþjónustu frá því sem var 2021. Embætti landlæknis rannsakar þessi mál með það fyrir augum að læra megi af þeim og bæta heilbrigðisþjónustuna. Lögð er áhersla á að tryggja eftir því sem kostur er að slík sambærileg atvik eigi sér ekki aftur stað.

Til að gagn slíkra rannsókna verði sem mest er brýnt að rannsóknin taki skamman tíma. Verulega skortir á að svo sé og nauðsynlegt hefur verið að forgangsraða rannsóknum eftir alvarleika. Slíkt er í eðli sínu óásættanlegt enda er hér um að ræða alvarlegustu atvikin í heilbrigðisþjónustunni. **Á árinu 2022 lauk rannsókn 40 mála** samanborið við 42 árið 2021 og 46 árið 2020.




Eftirlit með heilbrigðisstarfsfólki

Landlæknir hefur [eftirlit](#) með störfum heilbrigðisstarfsfólks og fylgist með að það fari að ákvæðum heilbrigðislaggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Tilgangur rannsóknar og málsmeðferðar landlæknis í eftirlitsmálum miðar m.a. að því að **tryggja gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu**. Hafi misbrestur orðið á veitingu slíkrar þjónustu er metið hvort tilefni sé til frekari eftirfylgni, leiðbeininga, eða eftirlitsúrræða í samræmi við III. kafla laga um landlækni og lýðheilsu. Viðurlagaúrræðin gagnvart einstökum starfsmönnum geta verið **tilmæli um úrbætur, áminning, takmörkun starfsleyfis (t.d. takmörkuð heimild til ávísunar lyfja) og svipting starfsleyfis**.

Eftirlitsmáli getur lokið án viðurlaga eða frekari eftirfylgni teljist ekki forsendur til þeirra að lokinni rannsókn hjá embætti landlæknis. Til dæmis getur verið um það að ræða að upplýsingar reynist rangar eða að ekki sé ástæða til tiltekinna viðurlaga.

Á mynd 1 sést fjöldi eftirlitsmála sem stofnuð voru á árunum 2016-2022, auk þess sem fram kemur hve mörgum málum hvers árs fyrir sig var ólokið í árslok 2022.



Mynd 1. Fjöldi stofnaðra eftirlitsmála, 2016-2022

Á árunum 2016-2022 lauk eftirlitsmálum með eftirfarandi hætti*:

| | Án viðurlaga | Tilmæli | Áminning | Takmörkun starfsleyfis | Svipting starfsleyfis |
|------|--------------|---------|----------|------------------------|-----------------------|
| 2016 | 8 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 2017 | 10 | 1 | 1 | 0 | 1 |
| 2018 | 14 | 2 | 2 | 0 | 0 |
| 2019 | 20 | 3 | 5 | 0 | 0 |
| 2020 | 14 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 2021 | 18 | 11 | 12 | 0 | 5 |
| 2022 | 28 | 10 | 4 | 1 | 3 |

*Hér er vísað til þess árs sem eftirlitsmáli lauk, óháð því hvaða ár það var stofnað.


Starfsleyfi heilbrigðisstarfsfólks

Gefin voru út 870 [starfsleyfi](#) heilbrigðisstarfsfólks og 110 sérfræðileyfi á árinu samanborið við 990 starfsleyfi og 102 sérfræðileyfi árið 2021. Á vef embættis landlæknis eru upplýsingar um [fjölda starfsleyfa og sérfræðileyfa](#) í hverri starfsgrein fyrir sig. Á árinu hófst [útgáfa rafrænna starfsleyfa](#) og sérfræðileyfa og útgefin leyfi eru nú send í pósthólf umsækjanda á [Ísland.is](#).

[Starfsleyfaskrá](#) á vef embættis landlæknis er mikið notuð og á árinu var þróun hennar haldið áfram.

Á árinu fór mikill tími í vinnu við breytingar á starfsleyfa-reglugerðum, undir stjórn heilbrigðisráðuneytisins.

Árið 2022 var **4.320 fyrirspurnum svarað** í gegnum netfangið starfsleyfi@landlaeknir.is samanborið við 4.628 fyrirspurnir árið 2021.



Mynd 2. Útgefin starfsleyfi og sérfræðileyfi 2018-2022

Rekstur í heilbrigðisþjónustu


Á árinu fjölgaði tilkynningum um [rekstur í heilbrigðisþjónustu](#), tilkynningum um breytingar á rekstri og umsóknum um heimild til að veita heilbrigðisþjónustu á eigin starfsstofu eftir 75 ára aldur. **Erindi er varða rekstur heilbrigðisþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu voru tæplega 3.400** árið 2022 í samanburði við rúmlega 2.800 árið 2021. Þar á meðal eru margar fyrirspurnir um heilbrigðisþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu ásamt tilkynningum og umsóknum. Samhliða fjölgun mála hefur afgreiðslutími lengst.

Mikil þróunarvinna fór fram á árinu og áhersla er lögð á að hægt verði að tilkynna um rekstur heilbrigðisþjónustu á rafrænan máta sem ætlað er að auðvelda utanumhald og afgreiðslu mála.

Tannlæknisþjónusta

Í tengslum við [árlega tannverndarviku](#) 31. janúar til 4. febrúar 2022 var [nýtt gagnvirkt mælaborð tannheilsu](#) gert aðgengilegt á vef embættisins. **Mælaborðið birtir tölulegar upplýsingar sem varða tannheilsu íslenskra barna** og gögnin sem skoða má fyrir hvert heilbrigðisumdæmi fyrir sig og í samanburði við landið í heild, gefa góðar vísbendingar um batnandi tannheilsu barna/ungmenna og betra aðgengi að tannlæknaþjónustu.

[Tannverndarvikan 2022](#), sem jafnframt er sú síðasta, verður í framtíðinni á ábyrgð Tannlæknafélags Íslands. Ákveðið hefur verið að tengja umfjöllun um tannvernd við alþjóðlegan tannverndardag sem haldinn er þann 20. mars ár hvert.



Heilsa og líðan á Íslandi 2022

Snemma árs 2022 hófst undirbúningur rannsóknarinnar [Heilsa og líðan á Íslandi](#) sem lögð er fyrir á fimm ára fresti. [Spurningalisti](#) var sendur út í [fimmta sinn í október 2022](#) og var fyrirlögnin í fyrsta skipti að [öllu leyti rafræn](#). Markmið rannsóknarinnar er að leggja með reglubundnum hætti mat á heilsu, líðan, velferð og lífnaðarhætti fullorðinna. Með fyrirlögninni er m.a. áætlað að kanna hvort breytingar hafi orðið á heilsufari eða heilsutengdri hegðun á tímum mikilla samfélagsbreytinga í kjölfar heimsfaraldurs af völdum COVID-19.

Rannsóknin Heilsa og líðan hefur til þessa einungis náð til íslenskra ríkisborgara en mikilvægt framfaraskref var tekið árið 2022 með því að [bjóða einnig fólki af erlendum uppruna að taka þátt](#). Með þessari nýbreytni er vonast til að hægt verði að varpa ljósi á heilsu og líðan fólks af erlendum uppruna sem búsett er hér á landi. Þetta er mikilvægt í ljósi þess hversu ört einstaklingum með erlendan bakgrunn hefur fjölgað hér undanfarin ár. Til þess að koma betur til móts við þennan hóp íbúa var [spurningalistinn þýddur](#) bæði yfir á ensku og pólsku.



Önnur nýbreytni var notkun Heilsuveru til að nálgast þátttakendur, en [einstaklingar í úrtaki fengu sent boð í rannsóknina í gegnum Heilsuveru](#). Notkun á Heilsuveru við framkvæmd rannsóknarinnar var hugsað sem tilraunaverkefni í því skyni að kanna fýsileika þess að nýta hana við vísindarannsóknir í framtíðinni. Í kjölfar þessarar rannsóknar verður skoðað hvort rannsakendur geti sent boð til þátttakenda í gegnum Heilsuveru. Verði slík leið farin verður að tryggja að notendur Heilsuveru geti hafnað því að hafa megi samband við þá í tengslum við vísindarannsóknir. Með þessu móti hefðu notendur Heilsuveru betri yfirsýn yfir hvaða rannsóknum þeir hafa samþykkt að taka þátt í, hvort um var að ræða afmarkað eða víðtækt samþykki auk þess sem þátttakendur gætu með einföldum hætti afturkallað samþykki sitt.

Lýðheilsuvísar

[Lýðheilsuvísar](#) eftir heilbrigðisumdæmum voru gefnir út og kynntir í [sjöunda sinn](#) um mitt ár 2022. Eru vísarnir safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum eru annars vegar birtir sem pdf-skjöl, eitt skjal fyrir hvert umdæmi og hins vegar í [gagnvirku mælaborði Lýðheilsu](#).

Lyfjatölfræði

Á árinu 2022 var [nýr úrvinnslugrunnur lyfjagagnagrunns](#) tekinn í notkun. Í tengslum við það var komið á fót ritstjórnarhópi til að fylgjast með gæðum gagna í grunninum og stuðla að úrbótum þar sem þörf er á. Sviðs eftirlits og gæða og miðstöð rafrænna heilbrigðisupplýsinga eiga fulltrúa í hópnum auk heilbrigðisupplýsingasviðs sem jafnframt leiðir hópinn.

Mikil vinna hefur verið lögð í að sannreyna gæði gagna í grunninum og hafa m.a. verið settar upp sjálfvirkar vinnslur sem flagga frávikum sem kunna að koma upp.

Til viðbótar var áframhaldandi samstarf innan embættisins um aukið aðgengi að [tölfræði úr lyfjagagnagrunni](#), auk þess sem lyfjanotkun á Íslandi var til umfjöllunar í tveimur tölublöðum Talnabrunns á árinu 2022, þar sem fjallað var um notkun [ADHD lyfja](#) og [óþióíða](#).

Skimanir fyrir krabbameinum

Í upphafi árs 2021 urðu breytingar á [skipulagi skimana](#) og fékk embætti landlæknis þá m.a. það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir skimanir fyrir krabbameinum, að setja gæða- og árangursviðmið og að viðhafa gæðaeftirlit og árangursmat. Liður í því eftirliti var útgáfa [skýrslu um framkvæmd skimunar 2021](#). Á árinu 2022 var í fyrsta sinn unnið að útreikningi á fjölmörgum gæðavísam sem valdir höfðu verið og birtust þeir og umfjöllun um þá á [vef embættis í byrjun maí 2023](#).



Heilbrigðisráðherra ákvað einnig að [skimunarskrá](#), sem áður gekk undir heitinu SKRÍN hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísland, yrði ein af lögbundnum heilbrigðisskrám landlæknis og var gerð [lagabreyting](#) þess efnis í júní 2022. Skimunarskrá verður smám saman endurgerð. Byrjað verður á að gera skráningarkerfi til þess að styðja við [ristilskimanir](#) sem heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að verði brátt að veruleika. Lokið var við þarfagreiningu á nýju skráningarkerfi fyrir ristilskimanir í desember 2022.

Lykilvísar heilbrigðisþjónustu

Á árinu var unnið að undirbúningi á útgáfu [lykilvísa heilbrigðisþjónustu](#). Með lykilvísu er átt við mikilvægar mælanlegar breytur sem reiknaðar eru til þess að veita yfirsýn yfir málaflokkinn á hverjum tíma og yfir tíma. Markmiðið með útgáfu lykilvísanna er að hafa á einum stað mælivísa sem gefa vísbendingar um lykilkætti heilbrigðisþjónustu, hver þróun hefur verið varðandi þessa þætti og samanburð á lykilkættum við nágrannalöndin. Við val á vísu var einkum horft til þess að velja vísa sem væru mikilvægir, mælanlegir, að áreiðanleg gögn lægju fyrir, byggðu á gagnreyndri þekkingu, væru auðskiljanlegir, alþjóðlegur samanburður væri mögulegur, tengdust stefnum og aðgerðum og síðast en ekki síst að það væri hægt að hafa áhrif til hins betra með stefnumörkun og aðgerðum.

Með þessi markmið að leiðarljósi var ákveðið að nýta alþjóðlega vísa, sem þegar hafa verið skilgreindir og byggja á gagnreyndri þekkingu, fremur en að skilgreina nýja vísa. Rýndir voru vísar sem gefnir eru út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, Hagstofu Evrópusambandsins og Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

Að lokinni þeirri rýni var ákveðið að velja [34 lykilvísa sem skilgreindir höfðu verið af OECD](#) og þeim skipt í þrjá meginflokka. Flokkarnir eru a) fjárfesting, b) aðgengi og forvarnir og c) árangur og gæði og voru þeir [birtir á vef embættisins í apríl 2023](#).

Endurskoðun lágmarksskráninga í heilbrigðisþjónustu


Samræmd skráning heilbrigðisstarfsfólks er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samanburð á þeirri þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu. Á þetta við um samanburð á milli stofnana innanlands og ekki síður þegar um alþjóðasamanburð er að ræða.

Á árunum 2021 og 2022 voru tveir vinnuhópar að störfum við endurskoðun [fyrirmæla um lágmarksskráningu samskipta](#) á heilsugæslustöðvum og á læknastofum annars vegar og lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum hins vegar. Fulltrúar opinberra og einkarekinna heilbrigðisstofnana, landsamtaka heilbrigðisstofnana, samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og heilsugæslan eiga fulltrúa í vinnuhópunum. Vinnuhóparnir funduðu reglulega og fóru yfir þær breytur sem skal skrá að lágmarki. Um miðbik vinnunnar var ákveðið að [sameina fyrirmælin í ein fyrirmæli um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu](#). Vinna síðustu mánaða hefur farið í að skilgreina þá lágmarksskráningu sem á að gilda fyrir alla heilbrigðisþjónustu og hvaða skráningaratriði eigi eingöngu við tiltekna heilbrigðisþjónustu. Þá þurfti einnig að kalla fleiri hagsmunaaðila að borðinu, til að mynda fulltrúa frá samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, þar sem ákveðið var að fyrirmælin myndu einnig gilda fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili. Stefnt er að útgáfu þeirra á þriðja ársfjórðungi 2023.

Endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðisskrár

Á árinu hófst vinna við [endurskoðun laga](#) um landlækni og lýðheilsu sem snúa að heilbrigðisskrám en embætti landlæknis hefur um árabil rekið persónugreinanlegar heilbrigðisskrár um ýmsa þætti heilsufars og heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt lögum er tilgangur heilbrigðisskráa að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, að hafa eftirlit með þjónustu og gæðum, meta árangur þjónustunnar og nota skrárnar í áætlun um gæðapróun og í vísindarannsóknnum. Ákvæði um skyldur landlæknis til að halda tiltekin gagnasöfn eru einnig í lyfjalögum og lögum um lífssýnasöfn. Sóttvarnalæknir heldur smitsjúkdómaskrá og bólusetningaskrá til að uppfylla þær lagaskyldur sem tilgreindar eru í sóttvarnalögum um sóttvarnastarf á Íslandi.

Heilbrigðisskrár gegna sífellt mikilvægara hlutverki og greiningar sem á þeim byggja eru nýttar í starfi embættisins með margvíslegum hætti, til eftirlits, greiningar á heilsu og líðan landsmanna, starfsemi heilbrigðisþjónustu, útgáfu lýðheilsuvísa o.fl. Þá eru þær nýttar til þess að leggja mat á árangur og gæði heilbrigðisþjónustu og til samanburðar við önnur lönd.



Gögn úr heilbrigðisskrám eru enn fremur nýtt, ásamt öðrum gögnum, til þess að deila út fjármagni til heilsugæslustöðva og þegar fram líða stundir verða þau einnig notuð til þess að framkvæma þjónustutengda fjármögnun sjúkrahúsa (DRG). Þá eru fjölmargar heilbrigðisskrár nýttar í daglegu starfi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu, s.s. lyfjagagnagrunnur, skimunarskrá, færni- og heilsumatsskrá, RAI gagnagrunnur, bólu-setningaskrá og starfsleyfaskrá.

Í ljósi reynslunnar þótti tímabært að endurskoða ákvæði um heilbrigðisskrár þannig að þær nýtist sem best til ofangreindra verka. Þá þurfa **lagaákvæði að vera skýr þannig að enginn vafi sé á heimildum til gagnasöfnunar og vinnslu heilbrigðisskráa**, en Persónuvernd ályktaði í maí 2020 að þörf væri á skýrari ákvæðum um heilbrigðisskrár í settum lögum, vegna þess misræmis sem er í lögnum og í reglugerð um heilbrigðisskrár.

Nýting gagna úr samskiptaskrá heilsugæslunnar til fjármögnunar

Frá árinu 2017 hefur fjármögnun heilsugæslustöðva höfuðborgarsvæðisins verið á grundvelli [fjármögnunarlíkans](#) sem byggir á mismunandi lýðfræðilegum og heilsufarstengdum þáttum skjólstaðinga stöðvanna og þáttum tengdum gæðum þjónustunnar. Fjármögnun heilsugæslu á landsbyggðinni út frá samsvarandi líkani hófst árið 2021. Hlutverk embættis landlæknis er að **reikna út þyngdarstuðul og þarfavísitölu hvorrar stöðvar ásamt tilteknum gæðaviðmiðum** auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdinni. Ársskýrsla um eftirlit með framkvæmd fjármögnunarlíkans heilsugæslunnar fyrir árið 2021 var send til heilbrigðisráðuneytis í maí 2022.

Í janúar 2022 setti heilbrigðisráðherra á laggirnar **starfshóp til þess að endurskoða samsetningu líkansins**. Embætti landlæknis átti fulltrúa í hópnum sem var að störfum nær allt árið 2022 og skilaði tveimur skýrslum til ráðherra. Einnig vann embættið tölfraðigögn til rýni varðandi þær tillögur sem voru til umfjöllunar. Hluti þeirra breytinga og viðbóta sem hópurinn lagði til hafa tekið gildi.


Undirbúningur að þjónustutengdu fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir því að embætti landlæknis tæki að sér **DRG (Diagnosis Related Groups)** flokkun sjúkrahús-upplýsinga vegna **breytinga á fjármögnun sjúkrahúsa í átt að þjónustutengdri fjármögnun**. Embættið tók þátt í undirbúningi og mótun verkefnisins á árinu 2021 og hélt sá undirbúningur áfram á árinu 2022. Verkefni embættisins fela í sér vinnu við DRG flokkun, samskipti við skráningaraðila, tölfraðigreiningu gagna til að fylgjast með framkvæmd, gerð leiðbeininga og stuðningi við skráningaraðila, auk þátttöku í norrænu samstarfi um þróun DRG (NordDRG). Niðurstöður úr DRG flokkun embættisins verða sendar til Sjúkratrygginga Íslands sem munu sjá um greiðslur til stofnana þegar verkefnið fer formlega af stað á árinu 2023.

DRG flokkun byggir á skráðum sjúkdómsgreiningum (ICD-10) og meðferðarkóðum (NCSP-IS) en þessi gögn eru meðal þess sem safnað er með stöðluðum hætti í vistunarskrá heilbrigðisstofnana, eina af heilbrigðisskrám landlæknis. Til þess að nýta skrána til DRG flokkunar þurfti að gera smávægilegar breytingar á gagnasendingum frá stofnunum og nokkrar breytingar á úrvinnsluheimi vistunarskrár á árinu 2022.

Það þurfti m.a. að koma fyrir **DRG flokkurum og DRG vigtum** sem heilbrigðisráðuneytið mun gefa út árlega. NordDRG gefur út íslenskan DRG flokkara á hverju ári sem unninn er í samvinnu við embættið og Landspítala. Einnig var vinna lögð í að kanna enn frekar **réttmæti gagna** í vistunarskrá heilbrigðisstofnana í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítala og að ganga úr skugga um að DRG flokkun byggji á góðum grunni og njóti trausts meðal þeirra sem munu heyra undir DRG fjármögnun.

Embættið tók að sér umsjón með **VisualDRG** hugbúnaðinum frá Landspítala á árinu. VisualDRG frá LOGEX er hjálpartæki fyrir þá sem nota DRG. Upphaflega var gerður samningur fyrir fimm stofnanir og tíu notendur. Seinni hluta árs var ljóst að notendur voru töluvert fleiri og var gerður nýr samningur í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið um **landsaðgang með ótakmarkaðan fjölda notenda** (skráðir notendur í dag eru 211). LOGEX býður upp á fræðslu um VisualDRG fyrir notendur og var haldinn einn slíkur fræðslufundur árinu.



Skráning dánarmeina

Á árinu 2022 var áfram unnið að því að koma á **rafrænum dánarvottorðum og rafrænu ferli dánarvottorða** þannig að vottorðin, ásamt viðeigandi upplýsingum, flytjist rafrænt frá útgáfustað til embættis landlæknis, sýslumanna og þjóðskrár. Á sama tíma var innihald dánarvottorða endurskoðað og einu skráningaratriði bætt við á rafræna vottorðið. Auk þess voru gefnar út **endurskoðaðar leiðbeiningar** um skráningu dánarmeina og eru þær leiðbeiningar bæði aðgengilegar í rafræna skráningarviðmótinu og á **vef embættisins**.

Innleiðing rafrænna dánarvottorða hófst á árinu 2022 og var byrjað á hjúkrunarheimilum. Í innleiðingu fólst einnig móttökuprófun gagna þar sem gengið var úr skugga um að gögn bærust til embættisins. Þá var móttaka þessara gagna forrituð þannig hjá embættinu að þau færu beint í rafræna dánar-meinaskrá.

Eftirlit með biðlistum og skráning biðlista

Á árinu 2022 var tvisvar sinnum kallað eftir upplýsingum um **bið eftir völdum skurðaðgerðum**; í janúar og september og **niðurstöður birtar á vef embættisins**. Skráning í nýja biðlista-einingu í sjúkraskrárkerfinu Sögu hófst á nokkrum sjúkrastofnunum árið 2021 en úr henni fara gögn í miðlægan biðlistagagnagrunn hjá embætti landlæknis. **Markmið með miðlægum biðlistagrunni er að hægt verði að sjá stöðu á biðlistum í rauntíma** þannig að hætta megi formlegri innköllun eftir upplýsingum frá hverjum aðgerðarstað fyrir sig.

Mikil vinna hefur verið lögð í móttökuprófun gagna. Við þá vinnu hafa ýmis tæknileg vandamál í gagnasendingum komið fram auk þess sem mismunandi skráning og verklag milli heilbrigðisstofnana hafa komið í ljós. Vegna þess var **endurskoðun á fyrirmælum um skráningu á biðlistum flýtt**. **Mælaborð liðskiptaaðgerða** bíður birtingar þar til gögn þykja áreiðanleg og sambærileg en vonir standa til að af birtingu geti orðið eftir mitt ár 2023.

Á árinu 2022 var unnið að því að velda úrvinnslu gagna um **bið eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimili** með það fyrir augum að birta örar upplýsingar um þann málaflökk.


Gögn úr heilbrigðisskrám til vísindarannsókna

Gögn úr gagnagrunnum á ábyrgð landlæknis og sóttvarnalæknis eru m.a. nýtt til **vísindarannsókna á heilbrigðisviði**. Á árinu 2022 hóf embætti landlæknis þátttöku í samnorrænu verkefni, **Nordic Commons, á vegum NordForsk**, stofnunar sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina, sem hefur það að markmiði að auðvelda aðgang að heilbrigðisgögnum til vísindarannsókna, þvert á löndin. Áherslur verkefnisins snúa að lýsigögnum, tæknilegum lausnum og lagalegum þáttum. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2024.

Útgáfa og gagnvirk birting

Á árinu komu út 10 tölublöð af **Talnamrunni**, fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar.

Áfram var unnið að því að koma tölfræði í gagnvirka birtingu á vef, þar sem notendum er gert kleift að stjórna sýn sinni á gögnin innan ákveðinna marka. Á árinu fóru tvö slík mælaborð í birtingu, **mælaborð tannheilsu** og **mælaborð InterRAI gæðavísa** sem notaðir eru til að fylgjast með gæðum heilbrigðisþjónustunnar á hjúkrunarheimilum.



Ísland í alþjóðasamanburði

Hluti af fjölþjóðasamstarfi embættis landlæknis er vinnsla og miðlun heilbrigðistölfræði fyrir Ísland til samanburðar við önnur lönd. Tölfræðinni er miðlað til stofnana á borð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Hagstofu Evrópusambandsins (EUROSTAT) og Norræna heilbrigðistölfræðiráðið (NOMESCO). Fjölþjóðatölfræðin er aðgengileg í gegnum opinn netaðgang að gagnagrunnum stofnananna og hluti hennar jafnframt nýttur við útgáfu reglubundinna skýrsla, svo sem **Health at a Glance** og **Country Health Profiles**.

Meginmarkmið heilsueflingarstarfs embættisins er að styðja sveitarfélög, skóla, vinnustaði og heilsugæslu í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra og tengja starfið við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eins og kemur fram í Lýðheilsustefnu til ársins 2030. Til að meta stöðu og framvindu starfsins, með eins heildstæðum hætti og kostur er, leggur embættið m.a. til [Lýðheilsuvísa](#) og gátlista á vefsvæðinu www.heilsueflandi.is.

Heilsueflandi samfélag

Í lok árs 2022 bjuggu um **94,5% landsmanna** í [Heilsueflandi samfélagi](#) (HSAM). Tvö sveitarfélög bættust í hópinn og voru samtals 38 í lok árs. Haldnir voru þrjú fundir með tengiliðum Heilsueflandi samfélags á árinu auk vinnustofu. Viðfangsefni vinnustofunnar endurspegluðu helstu áherslur starfs Heilsueflandi samfélags á árinu, m.a. hvernig má efla gögn um heilsu, líðan og lífnaðarhætti þannig að þau nýtist sem best í stöðu- og framvindumati sveitarfélaga og hvernig má efla enn frekar samstarf sveitarfélaga og heilsugæslu um heilsueflingu og forvarnir.

Undir lok árs hófst vinna við úrvinnslu gagna úr gátlistum Heilsueflandi samfélags og gerð fræðsluefnis fyrir sveitarfélagaskóla Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starf og tengslanet Heilsueflandi samfélags er einnig landsnet fyrir [WHO Healthy Cities](#) á Íslandi og gegnir embættið hlutverki samhæfingaraðila fyrir það starf. Í því felst m.a. Samvinna við [Healthy Cities](#) á Norðurlöndunum og í Bretlandi og í júní héldu þessi lönd sameiginlegan fjarfund þar sem tengiliðum allra borga og sveitarfélaga í landsnetunum bauðst að taka þátt.

Árleg ráðstefna og vinnufundur *Healthy Cities* var haldinn í höfuðstöðvum Evrópuskrifstofu WHO í Kaupmannahöfn í nóvember þar sem fulltrúar embættisins og Reykjavíkurborgar, sem er tilnefnd heilsuborg WHO, tóku virkan þátt.



Heilsueflandi leikskólar

Í lok árs 2022 voru **90 leikskólar** skráðir í [Heilsueflandi leikskóla](#), sem er tæplega **35% leikskóla** á Íslandi. Þrjú leikskólar bættust við á árinu. Á árinu var áherslan mest á að styðja við leikskóla í innleiðingu heilsueflandi starfs og að vinna að kerfi vefsíðunnar heilsueflandi.is. Þá var starfið kynnt á Norrænu lýðheilsuráðstefnunni og á Evrópuráðstefnu um jákvæða sálfræði.

Heilsueflandi grunnskólar

Í lok árs 2022 voru **118 grunnskólar** skráðir til þátttöku í [Heilsueflandi grunnskóla](#) eða um **70% allra grunnskóla** á landinu. Þrjú nýir grunnskólar bættust við á árinu og haldnir voru 7 fjarfundir með tengiliðum. Boðið var upp á stuðning og kynningar fyrir þá skóla sem þess óskuðu. Haldin var sumarsmiðja í ágúst fyrir kennara í Reykjavík auk fjölmargra kynninga fyrir kennaranema og fagaðila í skólum, innlenda sem erlenda.

Nýir uppfærðir gátlistar Heilsueflandi grunnskóla voru birtir og kynntir fyrir tengiliðum og faghópi. Unnið var að útfærslu á stuðningsefni sem mun styðja við gátlistana.

Erasmus+ verkefni í samstarfi við [Schools for Health in Europe](#) fór af stað í byrjun árs en ásamt embættinu taka þar þátt þrjú tilraunaskólar. Verkefnið gengur út á að einfalda stuðningsefni og prófa það með skólum til að sjá hvort það nýtist eins og ráðgert var. Einnig verður lögð sérstök áhersla á heilsulæsi með viðbótar Erasmus+ styrk sem var samþykktur í lok árs.

Unnið var nýtt efni í tengslum við Forvarnardaginn. Þá var samtal við ungmenni eft á árinu í samstarfi við Samfés, m.a. í tengslum við nýja gátlista og Norrænu lýðheilsuráðstefnuna.

Heilsueflandi framhaldsskólar

Áfram eru **30 framhaldsskólar** þátttakendur í [Heilsueflandi framhaldsskóla](#). Haldnir voru fjórir fjarfundir á vormánuðum fyrir tengiliði en stjórnendur voru boðaðir á einn þeirra. Haldin var vinnustofa um Heilsueflandi framhaldsskóla fyrir tengiliði og fulltrúa úr stýrihópum.

Undirbúningur fyrir fyrsta **Bikarmót íslenskra Heilsueflandi framhaldsskóla í körfubolta (BÍSHEF)** hófst á árinu í samstarfi við fulltrúa nemenda úr framhaldsskólum og Körfuknattleikssamband Íslands.

Unnið var að nýjum gátlista um farsæld fyrir heilsueflandi framhaldsskóla, í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu og Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Heilsueflandi vinnustaðir

Í lok árs 2022 voru **168 vinnustaðir** skráðir til þátttöku í [Heilsueflandi vinnustað](#) og því bættust rúmlega 100 vinnustaðir við á árinu. Heilsueflandi vinnustaður var kynntur víða, til dæmis á Norrænu lýðheilsuráðstefnunni í Hörpu í júní, hjá Hafnafjarðarbæ, Reykjavíkurborg og Landspítala. Jafnframt var Heilsueflandi vinnustaður kynntur á þremur fundum í fundarröð Stjórnvísis. Haldinn var opinn morgunfundur í maí þar sem Marie Kingston fjallaði um streitu og streitustigann og bauð svo upp á vinnustofu í framhaldinu. Jafnframt voru haldnar tvær vinnustofur á haustmánuðum sérstaklega fyrir fulltrúa vinnustaða sem voru þá þegar þátttakendur í verkefni.

Unnið var að [viðbragðsáætlun vegna skyndilegs andláts á vinnustað](#) og var hún gerð aðgengileg fyrir alla vinnustaði. Viðbragðsáætlunin, ásamt Heilsueflandi vinnustað, var kynnt sérstaklega fyrir Mannauði, félagi mannauðsfólks á Íslandi. Þá var sett í loftið [ný vefsíða](#), með upplýsingum fyrir verðandi og núverandi heilsueflandi vinnustaði. Unnið var stuðningsefni og upplýsingamyndbönd sem birt voru á vefsíðunni.



Heilsuefling aldraðra

Áfram var unnið að heilsueflingu aldraðra í gegnum starf Heilsueflandi samfélags. Áhersla var lögð á góð tengsl við þá aðila sem starfa að þessu máli, m.a. Bjartan lífsstíl á vegum Landssambands eldri borgara og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

Aðgerðir:

Áframhaldandi mat á áhrifum COVID-19 á lýðheilsu

- Unnið var að annarri áfangaskýrslu til heilbrigðisráðherra um lýðheilsumat á óbeinum áhrifum COVID-19 faraldursins á Íslandi. Byggt var á vinnu [fyrstu skýrslunnar](#) með því að kanna nýjustu gögn úr [vöktun embættis landlæknis](#) um möguleg áhrif faraldursins á fullorðna en auk þess voru óbein áhrif á börn á grunnskólaaldri skoðuð með gögnum úr Ískrá heilsugæslunnar. Undirbúningur skýrslunnar var vel á veg komin en hún verður birt árið 2023.

Innleiða lýðheilsumat

- Áfram var unnið að mati á óbeinum áhrifum COVID-19 faraldursins á lýðheilsu og stuðningur veittur við lýðheilsumatvinnu Reykjavíkurborgar. Embættið tók þátt í undirbúningi Evrópuverkefnis sem mun standa næstu fjögur árin og miðar að því að styrkja innleiðingu lýðheilsumats á öllum stigum stjórnsýslunnar.

Vinna með Þróunarmiðstöð heilsugæslu að heilsueflandi þjónustu og tengingu við heilsueflandi samfélög

- Embættið tók áfram þátt í þróun heilsueflandi þjónustu í heilsugæslunni, m.a. í gegnum námskeiðahald og gerð efnis fyrir Heilsuveru. Heilsueflandi þjónusta var kynnt á fundum tengiliða Heilsueflandi samfélags og hvatt til frekara samtals og samstarfs í heimabyggð.

Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngripi í heilsugæslu vegna áfengisvanda

- Í samvinnu við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu var haldið áfram að þróa verkfæri og efni sem nýtist í snemmtækri íhlutun í heilsugæslu á landsvísi.

Áframhaldandi þróun heilsueflandi.is m.t.t. þarfa Heilsueflandi samfélags, skóla og vinnustaða

- Unnið í frekari þróun aðgangsstýringa, lausnum til að skila miðlægt inn áætlunum og öðru efni, lausnum til að sía gátlistana eftir stöðu viðmiða og sækja frekari gögn.

- Stærsta einstaka verkefnið var uppfærsla vefumsjónarkerfisins en samhliða var unnið að þróun ytri vefsíðu og opnaði sú fyrsta fyrir [Heilsueflandi vinnustaði](#) á árinu.

Vinna að auknu heilsulæsi, m.a. í gegnum Heilsuveru

- Samstarf um að koma heilsuskilaboðum á framfæri á Heilsuveru var eftt á árinu en embætti landlæknis hefur auk þess notað samfélagsmiðla til að koma einföldum heilsuskilaboðum á framfæri.
- Norrænt samstarf um heilsulæsi hófst á árinu að frumkvæði *Nordic Welfare Center* og voru þrjár fundir haldnir. Þá fékkst styrkur Erasmus+ til að vinna leiðbeiningar um heilsulæsi fyrir skóla og er sú vinna hafin.

Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígsforvarnir

- Unnið hefur verið að Aðgerðaáætlun til að fækka [sjálfsvígum](#) á Íslandi frá 2018, sem samanstendur af sex meginþáttum sem taka mið af æviskeiði einstaklinga í heild sinni. Byggt er á gagnreyndum aðferðum, fyrirliggjandi vinnu á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála hér á landi og reynslu nágrannabjóða af árangursríkum sjálfsvígsforvörnum. Undir hverjum þessara sex meginþátta eru fjölmargar aðgerðir og verkefni, sem unnin eru í samvinnu og samráði við aðila bæði innan og utan hins opinbera kerfis. Hlutverk embættisins er að tengja saman ábyrgðar- aðila og fylgja eftir aðgerðum.

- Í tengslum við 10. september, [Alþjóðadag sjálfsvígsforvarna](#), vann samráðshópur um sjálfsvígsforvarnir að vitundarvakningu meðal almennings, heilbrigðisstarfsfólks og fjölmiðla um að forvarnir hefjast við fæðingu. [Málþing um sjálfsvígsforvarnir](#) í tilefni af Alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga var haldið í september.

Vitundarvakning um mikilvægi svefns

- Áfram var unnið að vitundarvakningu um mikilvægi [svefns](#) á árinu. [Málþing var haldið um svefn, heilbrigði og hamingju](#) í mars. Skilaboðum um mikilvægi svefns var komið á framfæri í gegnum samfélagsmiðla, í gegnum heilsueflandi nálganir og í samstarfi við aðra aðila.

Halda Norrænu Lýðheilsuráðstefnuna 2022

- [Norræna lýðheilsuráðstefnan](#) var haldin dagana 28.-30. júní í Hörpu. Sérfræðingar á sviði lýðheilsu, hamingju og velsældar fluttu áhugaverð [erindi á ráðstefnunni](#) sem var vel sótt.

Gefa út ráðleggingar um heilsueflingu og forvarnir í skólum

- Unnið var að ráðleggingunum í tengslum við uppfærslu á gátlistum Heilsueflandi grunnskóla. Vinnan er komin langt og munu ráðleggingarnar verða gefnar út og kynntar ítarlega 2023.


Þátttaka í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu

- Embættið á m.a. fulltrúa í vísindanefnd um loftslagsbreytingar og samráðsvettvangi um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Önnur viðfangsefni lýðheilsu Geðrækt

Með [geðræktarstarfi](#) hjá embætti landlæknis er unnið að góðri geðheilsu og vellíðan landsmanna. Á árinu 2022 lauk formlega [Fyrstu 1000 dagarnir á Norðurlöndunum](#), formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni sem sett var á fót árið 2019. Verkefnið beindist að tímabilinu frá meðgöngu til fyrstu tveggja æviárána og var einkum horft til þess hvernig unnið er að því innan Norðurlandanna að efla jákvæða geðheilsu og vellíðan á meðgöngu, efla heilbriggt samband foreldra og barna við upphaf ævinnar, finna og bregðast snemma við áhættuþáttum og hlúa að velferð og vellíðan yngstu barnanna í leikskólum og dagvistun.

Snemma árs 2022 voru gefnar út ráðleggingar um áherslur stjórnvalda á Norðurlöndunum sem snúa að málefni: [The First 1000 Days in the Nordic Countries: Policy recommendations](#). Í júní fór fram í Hörpu lokaráðstefna verkefnisins [The First 1000 Days in the Nordic Countries: Supporting a Health Start in Life](#). Ráðstefnan var vel sótt, um 600 manns víða að úr heiminum hlýddu á [erindi](#) innlendra og erlendra fyrirlesara og tóku þátt í vinnustofum.



Auk þess að stýra verkefninu Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum voru eftirfarandi verkefni efst á baugi í geðræktarstarfsemi embættis landlæknis á árinu 2022:

Hvað get ég gert? verkefnið sneri að vitundarvakningu um mikilvægi þess að huga að eigin líðan og annarra og fór fram fyrri hluta ársins. Verkefnið var sett af stað af félags- og vinnu-markaðsráðuneytinu í samvinnu við mennta- og barnamála-ráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, embætti landlæknis og Rauða krossinn. Vefsíðan ertuokey.is var sett í loftið og ungmenni hvött til að leita til þeirra sem þeim standa næst og/eða hjálparsíma 1717 upplifi þau vanlíðan. Á vefsíðunni er einnig bent á fleiri úrræði og verkfæri til þess að takast á við eigin líðan.

Námsefni um félags- og tilfinningafærni fyrir unglinga. Árið 2021 hófst vinna embættis landlæknis í samstarfi við fleiri aðila um að þýða og gefa út námsefni um félags- og tilfinningafærni fyrir unglinga. Efnið er byggt á díalektískri atferlismeðferð (DAM) og ætlað til kennslu í skólum. Haustið 2022 hófst tilraunakennsla á efninu í tveimur skólum og ætlað að efnið komi út á árinu 2023.

Norrænt samstarfsverkefni um andlega vanlíðan ungmenna var formennskuverkefni Dana í Norrænu ráðherranefndinni sem hófst árið 2020. Árið 2022 komu út skýrslurnar [A cross-Nordic Mapping of Associative Factors to the increase of Mental Distress among Youth: Nordic co-operation on young people's mental health](#) byggð á norrænum rannsóknum um áhrifaþætti vanlíðanar meðal ungs fólks og [Nordic co-operation on young people's mental health: Cross-Nordic collaboration and practice examples](#) þar sem fjallað er um úrræði og íhlutanir sem byggja á samstarfi milli heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu.

Í árslok fóru fram tvær vinnustofur þar sem meðal annars voru kynntar íslenskar rannsóknir og geðrækt í íslenskum skólum.

Áfengis- og vímuvarnir

Tekið var á móti fjölda gesta sem vildu fræðast um árangur Íslands í forvörnum. Meðal gesta má nefna sveitarfélög frá Danmörku, sérfræðinga frá Albaníu og ráðherra frá Austurríki.

Fulltrúi embættisins tók þátt í málstofu félagasamtaka um stefnumótun í áfengismálum sem og málþingi SÁÁ undir yfirskriftinni **Samstarf til árangurs** sem fór fram 2.-3. nóvember.


Norræna vímuvarnaráðstefnan var haldin samhliða Norrænu lýðheilsuráðstefnunni í Hörpu. Á ráðstefnunni var m.a. kynnt handbók um áhrif vímuefna á kyn, mismunandi leiðir í upplýsingamiðlun og vinna með verndandi- og áhættuþætti í forvörnum.

Fulltrúi embættisins fékk hlutverk í ráðgjafahópi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í verkefninu [EVID – ACTION](#) en verkefnið er til fjögurra ára. Því er ætlað að styðja ríki Evrópu við að innleiða bestu leiðir og uppbyggingu þekkingar í áfengisforvörnum auk þess að miðla áfram þekkingu til að draga úr áfengisnotkun og skaða í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Unnið var að fjölda umsagna til Alþingis m.a. um **breytingar á áfengislögum** og um **afglæpavæðingu neysluskammta**. Þá var fulltrúi embættisins skipaður í starfshóp um afgangavæðingu neysluskammta og tók virkan þátt í starfi hópsins.

Á árinu fór af stað norrænn vettvangur sem er ætlað að miðla upplýsingum um aðgerðir og leiðir til að draga úr lyfjatengdum andlátum. Vonir standa til að sá vettvangur þróist áfram. Embættið tók auk þess þátt í norrænu rannsóknarverkefni um notkun ungmenna á Norðurlöndunum á áfengi og kannabis.

Vinna hófst við þýðingu og staðfæringu á [Alþjóðlegum stöðlum um vímuefnaforvarnir](#) en þeir voru birtir haustið 2022.



Tóbaksvarnir

Á sama tíma og mikill árangur hefur náðst í að draga úr [reykingum](#) hefur notkun á nikótínþúðum aukist hröðum skrefum, einkum meðal ungs fólks. Á síðasta ári voru nikótínþúðar og aðrar nikótínvörur felldar undir lög um rafrettur og aðrar nikótínvörur sem takmarkar aðgengi og sýnileika á þessum vörum.

Í október 2022 tók embætti landlæknis þátt í málþingi um nikótín og heilsu en að málþinginu stóðu UMFÍ, Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Fræðsla og forvarnir með stuðningi frá Lýðheilsusjóði og heilbrigðisráðuneytinu.

Í tilefni af [Degi án tóbaks](#), 31. maí, var athyglinni beint að [neikvæðum umhverfisáhrifum tóbaks](#) og varpað ljósi á hnatt-ræn skaðleg áhrif tóbaksnotkunar á umhverfi, efnahag, samfélög og heilsu manna.

[Tóbaks- og rafrettulaus](#) bekkur hefur verið fastur liður í tóbaksvörnum á ári hverju í yfir 20 ár. Nú er unnið að því að breikka nálgun þessa verkefnis og tengja það undirbúningi verkefnisins [Heilsueflandi bekkur](#).

Næring

Skýrsluskrifum fyrir [landskönnun á mataræði](#) lauk og var skýrslan birt í mars í tengslum við [kynningu á niðurstöðum könnunarinnar](#).



Í framhaldinu var einnig unnin vísindagrein sem birtist í Læknablaðinu um mismunandi sviðsmyndir við [notkun á jöðbættu salti við brauðgerð til að bæta jöðhag landsmanna](#). Áframhaldandi úrvinnsla úr landskönnun hélt áfram út árið.

Vinna við gerð ráðlegginga um [grænkerafæði \(vegan mataræði\) á meðgöngu og við brjóstagið](#) og [grænkerafæði \(vegan mataræði\) fyrir börn frá fæðingu að 6 ára aldri](#) í samstarfi við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og prófessor Önnu Sigríði Ólafsdóttur hélt áfram og voru þær birtar í lok september. Einnig voru leiðbeiningar um [jurtafæði](#) uppfærðar.



Endurskoðuð [var handbók um mataræði í framhaldsskólum](#) í samstarfi við faghóp á vegum embættis landlæknis og var hún birt í febrúar 2023. Í tengslum við endurskoðun handbókarinnar var framkvæmd könnun á matarumhverfi í framhaldsskólum en 100% þátttaka var meðal framhaldsskóla.

Unnið var að uppfærslu á síðunni [sykurmagn.is](#) í samstarfi við Heilsugæsluna og var síðan útvíkkuð með því að birta einnig magn koffíns og heitir síðan nú [Hollara val](#).

Samstarf var við SÍBS um gerð myndbanda sem tengjast mataræði og eru til sýnis á [heilsumolar.is](#).

Verkefnisstjóri næringar átti sæti í [áhættumatsnefnd matvæla](#) þar sem fjallað var um [áhrif þess að hækka viðmiðunarmörk um magn rokjarna niturbasa](#) í hráefni sem notað er til þess að framleiða lýsi til manneðis.

Endurskoðun stendur yfir á [norrænum næringarráðleggingum](#) (NNR6) og á embættið fulltrúa í stýrihópi fyrir ráðleggingarnar og vinnuhópum fyrir ráðlagðan dagskammt fyrir kalkneyslu sem og tengsl milli neyslu á fiski og sjávarfangi við ýmsa langvinna sjúkdóma. [Norrænu ráðleggingarnar](#) verða kynntar á Íslandi í júní 2023.

Norrænt samstarf er um að efla þekkingu á [Skrárgatinu](#) og til að finna leiðir til að kynna vörurnar betur í verslunum og voru fjölmargir fjarfundir haldnir á árinu. Þá hófst undirbúningur fyrir [norræna vöktun á mataræði, hreyfingu, holdafari og tóbaks- og áfengisnotkun](#) sem á að fara fram haustið 2023.



Hreyfing

Faghópur embættisins vann að endurskoðun opinberra [ráðlegginga um hreyfingu](#) fyrir Ísland þar sem tekið er mið af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um hreyfingu og kyrrsetu.

Embættið tók þátt í undirbúningi Evrópuverkefnis sem miðar að því að safna hlutlægum gögnum (hreyfimælar) og birta niðurstöður um hreyfingu, kyrrsetu og svefn fullorðinna á landsvísi í þáttökulöndunum. Þá tók embættið einnig þátt í undirbúningi og flutti erindi á [norrænni vefráðstefnu um hreyfingu](#) (*The Nordic Countries on the move together*). Samhliða var unnið að undirbúningi stofnunar norræns samráðsvettvangs um hreyfingu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ofbeldisforvarnir

Unnið var að nýjum og bættum gátlista um [ofbeldisforvarnir](#) fyrir Heilsueflandi grunnskóla. Kynningar um ofbeldisforvarnir voru fyrir framhaldsskóla í tengslum við [þingsályktun um forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi](#). Embættið á fulltrúa í stýrihópi hjá forsætisráðuneytinu sem fylgir eftir fyrrnefndri þingsályktun. Eins sat fulltrúi fundi hjá ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar sem breyttist á árinu og varð að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði.

Forvarnardagurinn

[Forvarnardagurinn](#) var haldinn í sautjándra skipti þann 5. október 2022 og var haldið [málþing](#) af því tilefni í Austurbæjarskóla með yfirskriftinni [Hugum að verndandi þáttum - áskoranir í lífi barna og ungmenna](#).

Viðburðir tengdir [Forvarnardegnum](#) voru í mörgum grunn- og framhaldsskólum landsins í októbermánuði en embættið sér skólum fyrir kennslufni til að vinna með í tengslum við daginn. Sú nýbreytni var árið 2022 að skólar voru hvattir til samstarfs við nærsamfélagið í vitundarvakningu og verkefnavinnu tengdri deginum. Boðið var upp á þáttökuleik og gátu litlir hópar í fyrsta skipti tekið þátt. [Verðlaun](#) voru veitt þeim hópum sem dómnefnd þótti skara fram úr á Bessastöðum í nóvember.



Húðkrabbameinsvarnir

Embætti landlæknis starfar með Geislavörnum ríkisins, húðlæknum og Krabbameinsfélaginu að húðkrabbameinsforvörnum. Samstarfshópurinn stendur fyrir árlegri könnun á notkun ljósabekkja á Íslandi, sem er framkvæmd af Gallup.

Vöktun áhrifaþátta heilbrigðis

Regluleg vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis fór fram á árinu og sér Gallup um framkvæmdina fyrir embættið. Niðurstöðurnar birtast m.a. í [Lýðheilsuvaktinni](#), Talnabrunni embættisins og sem hluti af Lýðheilsuvísium fyrir heilbrigðisumdæmi. Sveitarfélög geta einnig nýtt staðbundin gögn úr vöktun í sínu starfi.




Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna ber ábyrgð á að **þróa og innleiða stafrænar lausnir í heilbrigðisþjónustu á landsvísu**. Í því felst:

- Að viðhalda og sjá um stefnu í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu á landsvísu, í samráði við heilbrigðis-yfirvöld og aðra lykilaðila.
- Að þróa og innleiða rafræna sjúkraskrá í samræmi við þarfir sjúklinga, heilbrigðisstarfsmanna, stjórnenda og stjórnvalda.
- Að þróa og innleiða aðgang einstaklinga að eigin heilbrigðisupplýsingum um vefinn *Mínar síður* á heilsuvera.is.
- Að þróa og reka íslenska heilbrigðisnetið (Hekla).
- Að hafa eftirlit með öryggi net- og upplýsingakerfa stofnana í heilbrigðisþjónustu.

Heilsuvera (Mínar síður)

[Heilsuvera](#) er öruggt vefsvæði þar sem landsmenn, 16 ára og eldri, hafa aðgang að sínum heilbrigðisupplýsingum, hvar og hvenær sem er. Síðastliðið vor hóf Þjóðskrá Íslands að miðla upplýsingum um forsjá og vensl á rafrænan hátt. Í kjölfarið var sú breyting gerð á Heilsuveru að hætt var að notast við svokölluð fjölskyldunúmer og lögheimili til að tengja börn við forsjáraðila og rafræna upplýsingaskráin um forsjá og vensl var tekin upp. **Við þessa breytingu fengu báðir forsjáraðilar sjálfkrafa aðgang að Heilsuveru síns barns.** Stjúpfóreltrar misstu hins vegar aðgang að upplýsingum stjúpbarna. Aðgangur fósturfóreldra að barni í fóstri er áfram tengdur lögheimili barns, meðan unnið er að betri framtíðarlausn. Breytingin tók gildi í byrjun júlí.



Áfram var unnið að **þróun og innleiðingu á spurningalistum** um líðan og einkenni einstaklinga. Þeir spurningalistar sem þegar eru aðgengilegir í Heilsuveru eru eftirfarandi:

- ESASr: Edmonton Symptom Assessment System Revised
- CORE-10: Clinical Outcomes in Routine Evaluation
- DASS: Depression, Anxiety and Stress Scale
- GAD-7: General Anxiety Disorder-7
- PHQ-9: Patient Health Questionnaire-9
- EPDS: Edinburgh Postnatal Depression Scale
- MacNew (Reykjalundur)
- Hermes: Innleiddur á Kristnesi á Akureyri
- Fæðuskimun í mæðravernd. Innleiðing hafin á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Innleiðing Heilsuveru í sjúkrahúsumhverfi hélt áfram á árinu og hafa eftirfarandi deildir innan Landspítala innleitt Heilsuveru að einhverju leyti:

- Barnspítali Hringins
- Göngudeild innkirtla og efnaskipta
- Göngudeild krabbameinslækninga
- Göngudeild geðþjónustu

Ný virkni var innleidd með krabbameinslækningadeild Landspítala fyrir einstaklinga sem undirgangast krabbameinsmeðferð á spítalanum. **Sjúklingar í krabbameinsmeðferð hafa nú yfirsýn yfir sína meðferð í Heilsuveru.** Þeir geta einnig sent skilaboð úr Heilsuveru og fengið samband við hjúkrunarfræðinga deildarinnar, ásamt því að svara rafrænum spurningalistum um líðan og einkenni og fengið sent fræðsluefni varðandi meðferðina beint í Heilsuveru. Með þessu er stórt skref stigið í þá átt að bæta þjónustu og öryggi í meðferð krabbameinssjúklinga. Lausnin mun einnig verða notuð hjá sjúklingum í öðrum meðferðum innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem meðferð við sykursýki, þunglyndi og lungnasjúkdómum.


Miðlægar tilvísanir voru gerðar aðgengilegar í Heilsuveru í september. Þá var einstaklingum gert kleift að sækja tilvísanir á PDF formi sem hægt er að prenta út. Tilvísanir er hægt að nálgast undir flípanum *Sjúkraskrá*.

Leitarglugga var bætt við fyrir ofan skilaboð þannig að notandi getur leitað í skilaboðum sem hafa þegar verið sótt.

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna


Tölfræði Heilsuveru

Notkun Heilsuveru hélt áfram að aukast á árinu og voru **innskráningar í Heilsuveru tæplega 6,7 milljónir** sem er 3% aukning frá fyrra ári, þegar innskráningar voru tæplega 6,5 milljónir. Á mynd 3 má auðveldlega sjá aukningu í notkun Heilsuveru í hverri COVID-19 bylgju og ber hæst í síðustu bylgjunni.



Mynd 3. Fjöldi innskráninga í Heilsuveru á mánuði 2016-2022


Fjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru á árinu jókst um 9% miðað við fyrra ár. Eins og sjá má á mynd 4 voru **notendur Heilsuveru tæplega 270.000** á árinu en þeir voru rúmlega 245.000 árið 2021. Ef horft er til allra íbúa landsins, 16 ára og eldri, **notuðu 88,7% landsmanna Heilsuveru** á árinu 2022 miðað við íbúafjölda í janúar 2022 hjá Hagstofu Íslands. Um er að ræða tæplega 7% fjölgun í notendum Heilsuveru miðað við árið á undan.




Mynd 4. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árin 2016-2022

Mikil breyting hefur orðið á hlutfalli karla og kvenna sem nota Heilsuveru frá því að COVID-19 faraldurinn hófst árið 2020, en fyrir COVID-19 voru konur mikill meirihluti notenda. Mynd 5 sýnir fjölda einstaklinga sem notaði Heilsuveru eftir kyni og aldurshópum árið 2022. Eins og sjá má var lítil munur á kynjahlutfalli; **karlar voru 48,9% notenda og konur 51,1%**. Til samanburðar voru konur hins vegar 68% notenda og karlar 32% árið 2019. Áfram var notkunin mest í aldurshópnum 30-39 ára, litlu meiri en í aldurshópnum 20-29 ára.

Eins og fyrri ár var **beiðni um lyfjaendurnýjun mest notaða þjónusta Heilsuveru** en mynd 6 sýnir fjölda beiðna á mánuði. Alls voru lyfjaendurnýjunarbeiðnir 596.612 árið 2022 sem er 11,4% aukning frá fyrra ári.




Mynd 5. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árið 2022 eftir aldurshópum og kyni



Mynd 6. Fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun hvern mánuð árin 2017-2022


Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Rafrænum tímabókunum í Heilsuveru fjölgaði um tæplega 21% á milli árunna 2021 og 2022 (mynd 7). Ef skoðuð er tölfræði á vef embættis landlæknis yfir [fjölda læknisheimsóknna á heilsugæslustöðvar](#) voru þær 655.111 á landsvísu árið 2022. Ef heimsóknir á Læknavaktina eru hins vegar undanskildar, voru rafrænar tímabókanir á árinu 14% af bókunum í heilsugæslu.



Mynd 7. Fjöldi rafrænna tímabókana hjá heilsugæslulækni árin 2018-2022

Fjöldi [fyrirspurna í Heilsuveru](#) hefur aukist verulega á liðnum árum. Mynd 8 sýnir breytinguna sem átt hefur sér stað á árunum 2018-2022, en frá árinu 2020 hefur fyrirspurnum fjölgað um 165%. Á móti hefur símtölum á heilsugæslustöðvar fækkað lítillega, eða tæplega 9% á milli árunna 2022 (samaltals 510.594 símtöl) og 2021 (samaltals 555.691 símtöl). Árið 2020 voru símtöl í heilsugæslu samtals 1.216.279 og fækkun því 138% á árinu 2022, en hafa þarf í huga að símtöl voru þá í sögulegu hámarki vegna COVID-19.



Mynd 8. Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru árin 2017-2022

Miðlægt lyfjakort

Áframhaldandi þróun var á miðlægu lyfjakorti og heildarmagnslyfjaávisunum. Innleiðing á landsvísu hefur dregist og er fyrirhuguð 2023.

Rannsóknarniðurstöður

Áfram var unnið að þróun á birtingu á rafrænum rannsóknarniðurstöðum og er fyrirhuguð að upplýsingar frá öllum helstu rannsóknarstofum landsins verði aðgengilegar miðlægt 2023. Verða rannsóknarniðurstöðurnar einnig aðgengilegar einstaklingum í Heilsuveru.

Miðlægur biðlisti og tilvísanir

Þróun miðlægs biðlisti og tilvísanakerfis í heilbrigðisþjónustu hélt áfram á árinu. Miðlægur biðlisti fyrir liðskiptaaðgerðir var innleiddur á árinu og tilvísanir aðgengilegar öllum sjúkraþjálfurum sem nota skráningarkerfið Gagna. Frekari innleiðing á biðlistum og tilvísunum er fyrirhuguð 2023.

Sjúkraflutninga-app

Þróun á sjúkraflutninga-appi sem verður samþættað sjúkraskrá er langt komin og stefnt er að innleiðingu á næsta ári.

Nýtt rafrænt skráningarform og samræmt verklag vegna heimilisofbeldis

Á árinu var lokið við greiningarvinnu vegna nýs rafræns skráningarforms fyrir heilbrigðisstarfsfólk til samræmdrar skráningar við móttöku þolenda heimilisofbeldis og annars ofbeldis. [Tilgangurinn er að bæta verkferla og viðbrögð heilbrigðisstarfsfólks við heimilisofbeldi](#) með því að sjúkraskrárkerfið styðji við ákvarðanir varðandi skimun, greiningu og úrræði sem til staðar eru, ásamt því að auðvelda tölfraðilega úttekt. Markmiðið er að tryggja þolendum heimilisofbeldis sem besta þjónustu óháð búsetu. Stefnt er að því að útboð fari fram snemma á næsta ári.

Nauðsynlegir innviðir stofnana (NIS)

Embætti landlæknis fer með eftirliti með net- og upplýsingakerfum heilbrigðisþjónustunnar. Eftirlitið er tilkomið með svokallaðri [NIS tilskipun](#) sem tók gildi árið 2020. Vonast er til að viðbótarfjármagn og mannaflí faist með tilkomu eftirlitsins.

Fjarheilbrigðisþjónusta

Helsta verkefni ársins 2022 var áframhaldandi [mótun greiðslulíkans fyrir fjarheilbrigðisþjónustu](#) í samstarfi við sérfræðingahóp sem skipaður var af heilbrigðisráðuneytinu. Tilrauna-verkefni tengt fjarheilbrigðisþjónustu göngudeilda fór af stað á árinu og í undirbúningi er tilraunaverkefni með heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni.

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Unnið hefur verið að undirbúningi **útboðs tengt mynd-samtölum í Heilsuveru og Sögu**. Stefnt er að því að auglýsa útboð að vori 2023 og að á haustmánuðum hefjist innleiðingarferli.

Innleiðing á **Milou fæðingaritum** á fæðingarstöðum á landsbyggðinni hefur verið stýrt af verkefnastjórum hjá miðstöð rafrænna heilbrigðislausna. Verkefnið var sett á fót fyrir tilstilli gjafar frá Kvenfélagasambandi Íslands. Á árinu 2022 fór af stað tilraunaverkefni í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands þar sem kerfið var prófað og verður frekari innleiðing á landsvísu á árinu 2023.

Önnur verkefni eru afgreiðsla umsókna um veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, ráðgjöf til þróunaraðila, kennsla og kynningar.

Atvikaskráningarkerfi Datix

Embætti landlæknis hefur unnið með heilbrigðisstofnunum landsins að greiningu og undirbúningi innleiðingar á **nýju atvikaskráningarkerfi** á landsvísu. Stefnt er að því að innleiðing nýja kerfisins hefjist eins fljótt og kostur er, en innleiðing hefur dregist vegna skipulagsbreytinga eigenda kerfisins erlendis.

Lausnarmót Nýsköpunarvikunnar

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hefur komið að **Lausnarmóti** Nýsköpunarvikunnar og nú Heilsutækniklasans síðustu árin. Lausnarmót er lengri útgáfa af hakaþoni og er nýstárleg **aðferð við að laða fram byltingarkenndar nýjungar í rafrænum lausnum fyrir heilbrigðiskerfið**.

Helsta markmiðið með lausnarmóti er að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi ásamt því að gefa fyrirtækjum og sprotum tækifæri á að kynna eigin nýsköpun. Undirbúningur lausnarmóts 2023 stóð yfir á haustmánuðum 2022, mótið sjálft stendur yfir frá janúar til maí 2023.

Styrkur frá Evrópusambandinu

Í september 2022 fékk embætti landlæknis styrk frá Evrópusambandinu til að setja upp **landsgátt til að miðla lykilupplýsingum úr sjúkraskrá á milli landa í Evrópu** fyrir þá einstaklinga sem þurfa að leita sér heilbrigðisþjónustu erlendis og jafnframt íbúa annarra Evrópulanda sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu hérlendis. Lykilupplýsingar úr sjúkraskrá eru m.a. upplýsingar um ofnæmi, áhættuþætti, lyf, sjúkdómsgreiningu og meðferð. Styrkupp hæðin nemur 1,8 milljón evra og er veitt vegna Evrópuverkefnisins: EU4H-2021-DGA-MS-IBA-01: *Enlargement of the geographic coverage and scope of the MyHealth@EU Digital Service Infrastructure (eHDSI)*.

Markmið verkefnisins er að stuðla að betri, öruggari og samfelldari heilbrigðisþjónustu innan Evrópu. Með verkefninu verður **brotið blað í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri**, þar sem hægt verður að **deila lykilupplýsingum úr sjúkraskrá** einstaklings til heilbrigðisstarfsmanna sem þurfa að sinna viðkomandi í öðru landi en heimalandi. Slíkur öruggur aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að heilsufarsupplýsingum sjúklinga hvenær sem þörf er á, stuðlar að samfelli í þjónustu sem aftur eykur öryggi og gæði í meðferð sjúklinga yfir landamæri. Munu einstaklingarnir sjálfir geta heimilað heilbrigðisstarfsmönnum viðkomandi lands aðgang að sinni sjúkraskrá í gegnum Heilsuveru

Um þriggja ára verkefni er að ræða sem lýkur haustið 2025. Það er svið miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna sem stýrir verkefninu. Innleiðing verkefnisins er mikilvæg viðbót við þær rafrænu heilbrigðislausnir sem þegar eru til staðar, en mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár meðal annars með samtengingu sjúkraskráa á landsvísu, rafrænum lyfjaávísunum og aðgangi að Heilsuveru. Útboð mun fara fram snemma á næsta ári.



My health @ EU
eHealth Digital Service Infrastructure
A service provided by the European Union

Megináherslur og verkefni

Samkvæmt [sóttvarnalögum](#) þá felast ábyrgð og starfsskyldur sóttvarnalæknis einkum í:

- Vöktun ýmissa smitsjúkdóma og alvarlegra heilsufarsafleiðinga eiturefna, geislavirkra efna og óvæntra atburða, sem ógnað geta almannaheill.
- Úrvinnslu og greiningu gagna um smitsjúkdóma.
- Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisáðgerðir um land allt.
- Að gera faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits, og eftir atvikum hefja smitrakningu, vegna hópsýkingar eða farsóttar.
- Að gera tillögur til ráðherra um hvort gripið skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana.
- Að fylgjast með notkun sýklalyfja sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.
- Að vera tengiliður við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) um málefni er snerta alþjóðaheilbrigðisreglugerðina.
- Að vera tengiliður við Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og Heilbrigðisöryggisnefnd Evrópusambandsins (HSC).



Á árinu 2022 var lögð áhersla á fimm meginþætti í starfsemi sóttvarnalæknis í samræmi við starfsáætlun:

- Að bregðast við heimsfaraldri COVID-19.
- Að tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um smitsjúkdóma og áhættumat.
- Að bregðast við heilbrigðisógnum með viðeigandi hætti.
- Að vinna með heilsugæslu í framkvæmd bólusetninga.
- Að endurskoða viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar um sóttvarnir.

Þessum áherslum var fylgt eftir með aðgerðum sem fólust í:

Vöktun og miðlun upplýsinga

Samkvæmt [reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna](#), með stoð í sóttvarnalögum, ber sóttvarnalækni að halda skrá um 60 [tilkynningarskylda](#) og um 40 [skráningarskylda](#) sjúkdóma og atvik. Upplýsingar vegna þessa berast til sóttvarnalæknis eftir þremur meginleiðum:


1. Frá rannsóknarstofum Landspítala og Sjúkrahúsínu á Akureyri í sýkla- og veirufræði
2. Frá meðhöndlandi læknum
3. Úr sjúkraskráum heilbrigðisstofnana

Flutningur upplýsinga frá rannsóknarstofum sjúkrahúsa (sýkla- og veirufræðideildum) til sóttvarnalæknis er með sjálfvirkum og rafrænum hætti. Meðhöndlandi lækna þurfa hins vegar að senda sóttvarnalækni klínískar tilkynningar með faraldsfræðilegum upplýsingum um sjúklinga sem greindir eru með tilkynningarskylda sjúkdóma.

Töluverður misbrestur er á heimtum þessara tilkynninga frá læknum og eru vonir bundnar við að rafrænt fyrirkomulag sendinga muni auka heimtur. Vinna við rafrænar tilkynningar hafði legið niðri síðan 2020 en er nú hafin á ný.

Sóttvarnalæknir miðlar upplýsingum um útbreiðslu sjúkdóma til innlendra og erlendra samstarfsaðila, til heilbrigðisstarfsfólks og til almennings. Umfangsmikil upplýsingamiðlun vegna COVID-19 hélt áfram á árinu, m.a. í gegnum upplýsingafundi, vef embættis landlæknis og vefsíðuna [covid.is](#). Fræðsluefni og leiðbeiningar voru gefnar út vegna faraldurs [MPX veiru \(apabólu\)](#) í Evrópu og fleiri löndum, og áhættuhópum var boðin bólusetning, sem flestir eða um 400 manns þáðu.

Sóttvarnalæknir gefur út [farsóttaskýrslu](#) á hverju ári með ítarlegu [yfirliti yfir faraldsfræði ýmissa sjúkdóma](#) sem heyra til sóttvarna og aðra starfsemi á sóttvarnasviði.



Bólusetningar í samstarfi við heilsugæslu

Í [reglugerð nr. 387/2015](#) er kveðið á um að ráðherra tilnefni yfirlækna heilsugæslustöðva sem skulu vera [ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis](#). Sjö yfirlæknar heilbrigðisumdæma eru skipaðir [umdæmislæknar](#) sóttvarna og þeim til aðstoðar eru heilsugæslulæknar skipaðir sem [svæðislæknar sóttvarna](#). Þetta fyrirkomulag skapar grundvöll fyrir markvissari samvinnu við að hefta útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma í samfélaginu. Á árinu var náið samstarf við umdæmis- og svæðislækna sóttvarna og heilbrigðisþjónustu jafnt á höfuðborgarsvæði sem og á landsbyggðinni, einkum vegna COVID-19.

[Bólusetningar gegn COVID-19](#) hófust um áramótin 2020/2021 og var þátttaka góð. Bólusetning hélt áfram árið 2022, bæði grunnbólusetningar en einnig örvunarbólusetningar eldra fólks og áhættuhópa. [Góð þátttaka var í almennri influensubólusetningu](#) en 90.000 skammtar voru pantaðir af sóttvarnalækni til notkunar hér á landi þetta árið.

Samkvæmt [reglugerð um bólusetningar](#) á Íslandi skal skrá allar bólusetningar í [miðlægan bólusetningagrunn](#) sem er á ábyrgð sóttvarnalæknis. Grunnurinn byggir á rafrænni skráningu bólusetninga á heilsugæslustöðvum, sjúkrastofnunum og skólum. Tilgangurinn með gagnagrunninum er að fylgjast með þátttöku í bólusetningum og meta hættuna á að upp komi farldrar sjúkdóma sem bóluset er gegn. Skýrsla um [þátttöku í almennum bólusetningum barna á Íslandi](#) er gefin út af sóttvarnalækni árlega. Almennar bólusetningar sem voru á áætlun árið 2022 verða að venju gerðar upp þegar yfirstandandi skólaári er lokið.




Sýkingavarnir, viðbrögð og áætlanir

Samkvæmt [sóttvarnalögum](#) er sóttvarnalæknir ábyrgur fyrir að skipuleggja og samræma sóttvarnir og almennar bólusetningar um land allt en einnig að gera tillögur til ráðherra um hvort gripið skuli til opinberra sóttvarnaaðgerða vegna smitsjúkdóma, eiturefna, geislavirkra efna og óvæntra atburða sem ógnað geta almannaheill.

Gerð [viðbragðsáætlana um sóttvarnir](#) er í höndum sóttvarnalæknis og eru þær áætlanir hluti af almannavarnakerfinu á Íslandi. Í [lögum um almannavarnir](#) er kveðið á um ábyrgð og skyldur einstakra ráðuneyta og undirstofnana þeirra til þess að semja viðbragðsáætlanir, í samræmi við lög sem gilda um starfssvið þeirra, í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Vöktun vegna gasmengunar og annarra hugsanlegra heilsufarsáhrifa [eldgoss á Reykjanesi](#) fór fram með samstarfsaðilum. Í umboði sóttvarnalæknis starfaði þverfaglegur samstarfshópur um upplýsingagjöf til almennings vegna loftborinnar hættu á heilsutjóni tengt eldgosum. Hópurinn uppfærði fræðslubæklinginn [Hætta á heilsutjóni vegna loftmengunar frá eldgosum](#) og sendi einnig minnisblað til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra varðandi átak til uppbyggingar loftgæðamæla.



Í byrjun árs 2022 og út marsmánuð gekk yfir [stærsta bylgja COVID-19 á Íslandi frá upphafi faraldurs](#) en áður en hún rénaði var öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum aflýst. Starfsfólk sóttvarnasviðs hélt áfram vöktun og viðbrögðum vegna heimsfaraldursins, þ.m.t. endurskoðun leiðbeininga og samhæfingu og skipulagi bólusetninga.

Faraldrar árlegrar inflúensu og RS veiru hófust í október og COVID-19 sýkingar héldu áfram þó í minna mæli væri en veturinn á undan. [Vikuleg samantekt](#) um tíðni öndunarfærasýkinga á Íslandi og innlagnir á sjúkrahús var gefin út á vef embættis landlæknis frá október og út flensutímabilið. Þá er virk þátttaka í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi, s.s. við ECDC og WHO, vegna COVID-19 og ýmissa annarra smitsjúkdóma stór hluti af starfi sóttvarnasviðs.



Skynsamleg notkun sýklalyfja og aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

Um árabíl hefur áhersla verið lögð á að vinna með læknum að [skynsamlegri notkun sýklalyfja](#) sem skilaði meðal annars þeim árangri að talsverður samdráttur varð á notkun sýklalyfja (lyfjaávisunum) á Íslandi á árunum 2016–2020. Sýklalyfjaávisanir jukust hins vegar á ný á síðari hluta ársins 2021, samfara aukningu í fjölda öndunarfærasýkinga.

Þessi aukna notkun sýklalyfja hélt áfram árið 2022 og var notkunin þá sambærileg og árið 2019. Nánar er gerð grein fyrir þessu málefni hjá mönnum og dýrum í [árlegri skýrslu sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun og -næmi](#).



Árið 2017 skilaði starfshópur heilbrigðisráðherra tillögum um aðgerðir hér á landi til að stemma stigu við [sýklalyfjaónæmi](#), í anda [Einnar heilsu](#) (e. *One Health*). Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra undirrituðu yfirlýsingu árið 2019 um sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og var tilkynnt að Ísland ætlaði að vera þar í fararbroddi í aðgerðum. Í því skyni var meðal annars tímabundið settur á fót svokallaður súnusjóður til að fjármagna rannsóknir og skimanir á ónæmum bakteríum. Árið 2022 skipaði heilbrigðisráðherra síðan [þverfaglegan starfshóp](#) til að móta framtíðarsýn og áætlun um aðgerðir til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Þórólfur Guðnason, fyrrverandi sóttvarnalæknir, er formaður hópans.

Evrópu dagur vitundarvakningar um sýklalyf



Heilsuáttak í Evrópulöndum

Fundur og fræðsla

Vegna COVID-19 voru haldnir reglulegir stöðufundir með umdæmis- og svæðislæknum og sérfræðingum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Þá sækir starfsfólk sóttvarnasviðs og aðrir tengiliðir Íslands við alþjóðastofnanir (HSC, ECDC, WHO) reglulega fundi á vegum þeirra um ýmis málefni er varða smitsjúkdóma, sóttvarnir, bólusetningar, sýklalyfjaónæmi, viðbúnað, viðbrögð, lög og reglugerðir o.fl.

Sem liður í fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi tók sóttvarnalæknir virkan þátt í [alþjóðlegri vitundarvakningu um skynsamlega notkun sýklalyfja](#) sem haldin er árlega í nóvember af ECDC og WHO. Í tengslum við það hélt sóttvarnalæknir í fyrsta sinn [málþing um sýklalyf og sýklalyfjaónæmi](#) með þátttöku sérfræðinga sóttvarnasviðs, Landspítala, MAST og heilsugæslu.

Á árlegum [fræðsludegi um bólusetningar barna](#) fyrir fagaðila, samvinnuverkefni sóttvarnalæknis og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, voru erindi frá yfirlækni bólusetninga hjá sóttvarnalækni og barnalæknum Landspítala. Fræðsludagurinn var vel sóttur.

Opinbert samstarf Norðurlanda fer fram innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar, m.a. í **norrænum samráðshópi um heilbrigðisviðbúnað** (Svalbarðshópi) og samráðshópi um sýklalyfjaónæmi í anda *Einnar heilsu*. Formennska í þessum hópum helst í hendur við formennsku í ráðherranefndinni. Áframhald fyrri verkefna var í forgangi í Svalbarðshópi árið 2022 en vinna var hafin við endurskoðun á stefnu og starfsáætlun hópsins. Innleiðing og endurbætur á innri- og ytri vefsíðu lauk á árinu en áfram verður unnið að vefsíðu til að deila upplýsingum um heilbrigðisviðbúnað milli Norðurlandanna (e. *Nordic Situation Awareness*). Árleg ráðstefna hópsins var haldin í Osló í desember með áherslu á heilbrigðisviðbúnað á Norðurlöndum, stríðið í Úkraínu, norrænt og evrópskt samstarf.

Fundur **norræns samstarfshóps um sýklalyfjaónæmi** var haldinn í Osló en starfið hafði legið að mestu niðri síðan 2020 vegna COVID-19. Fulltrúar frá sóttvarnalækni og MAST starfa við stefnumótun í hópnum en fulltrúar Landspítala, Keldna og Umhverfisstofnunnar taka þátt í starfi sérfræðingahóps. Hópurinn vinnur að samhæfingu milli Norðurlanda til að styðja við alþjóðlegt samstarf í málefnum sýklalyfjaónæmis í anda *Einnar heilsu*.


Tíð samskipti héldu einnig áfram á árinu vegna COVID-19 á milli sóttvarnastofnana Norðurlandanna, m.a. til að deila faraldsfræðilegum upplýsingum og upplýsingum vegna bólu-setninga.

Samstarfsnefnd um sóttvarnir

Samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS) er skipuð af ráðherra samkvæmt sóttvarnalögum. Hlutverk nefndarinnar er að afla gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skólpi, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Í nefndinni situr sóttvarnalæknir og fulltrúar frá Matvælastofnun, Geislavörnum ríkisins og Umhverfisstofnun. SSUS fundaði tvisvar á árinu og fjallaði m.a. um faraldur fugla-inflúensu, stríðið í Úkraínu og geislavarnir, matarbornar sýkingar og viðbragðsáætlanir vegna sýklalyfjaónæmra baktería í landbúnaði.

Sóttvarnaráð

Sóttvarnaráð er einnig skipað af ráðherra samkvæmt lögum og þar eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Formaður er skipaður af ráðherra en sóttvarnalæknir er ritari ráðsins. Ráðið mótastefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðis-yfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma. Sóttvarnaráð fundaði reglulega á árinu og voru ýmis mál varðandi smitsjúkdóma tekin fyrir, sérstaklega voru málefni tengd almennum bólusetningum og breytingum á áætlun fyrirferðarmikil.




Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, lét af störfum á árinu en við starfi sóttvarnalæknis tók Guðrún Aspelund. Þann 23. september 2022 var haldið glæsilegt **málþing** til heiðurs Þórólfi í tilefni starfsloka hans. Málþingið var vel sótt en yfirskrift þess var *Betra vinnur vit en strit – gildi vísinda og nýsköpunar í heimsfaraldri*.

Embætti landlæknis leggur áherslu á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn. Fjárhagsupplýsingar embættisins og Lýðheilsu-sjóðs eru gerðar í samræmi við [lög um opinber fjármál](#).

Hér að neðan eru birtir **ársreikningar** embættis landlæknis fyrir árin 2022 og 2021 en myndir 9, 10 og 11 sýna **þróun lykiltalna úr rekstrinum**.

Á árunum 2022 og 2021 var fjárfesting í tölvukerfum (óefnislegum eignum) embættisins eignfærð. Skýrir það jákvæða afkomu árána og umframráðstöfun vegna fjárfestinga á árunum. Stofnunin mun óska eftir millifærslu fjárveitinga milli rekstrar og fjárfestinga til jöfnunar.

Aukin útgjöld á árunum 2020 til 2022 má m.a. rekja til COVID-19 en beinn kostnaður vegna heimsfaraldursins nam 104 milljónum króna á árinu 2022 og 195 milljónum króna á árinu 2021.




Mynd 9. Kostnaður við helstu málaflokka hjá embætti landlæknis



Mynd 10. Tekjur og gjöld hjá embætti landlæknis

| Embætti landlæknis | | | | | |
|--------------------------|----------------------|----------------------|---------------------------------|--------------------|--------------------|
| Rekstrarreikningur | Árið 2022 | Árið 2021 | Efnahagsreikningur | Árið 2022 | Árið 2021 |
| Tekjur: | | | Eignir: | | |
| Sértekjur | 424.557.165 | 242.351.331 | Fastafjármunir | 486.106.206 | 339.948.961 |
| Aðrar rekstrartekjur | 77.580.584 | 21.826.725 | Veltufjármunir | 311.949.648 | 210.324.401 |
| Tekjur alls | 502.137.749 | 264.178.056 | Eignir alls | 798.055.854 | 550.273.362 |
| Gjöld: | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.062.611.719 | 1.119.394.975 | Skuldir og eigið fé: | | |
| Önnur gjöld | 734.790.559 | 529.299.406 | Höfðustóll 1/1 | 30.176.079 | -12.521.160 |
| Gjöld alls | 1.797.402.278 | 1.648.694.381 | Hagnaður/-tap ársins | 296.165.052 | 292.697.239 |
| | | | Eigið fé í árslok | 326.341.131 | 280.176.079 |
| Tekjur umfram gjöld | -1.295.264.529 | -1.384.516.325 | Langtímaskuldir | | |
| Framlag úr ríkisjóði | 1.591.400.000 | 1.676.800.000 | Skammtímaskuldir | 471.714.723 | 270.097.283 |
| Fjármunatekjur (gjöld) | 29.581 | 413.564 | Skuldir alls | 471.714.723 | 270.097.283 |
| Afkoma ársins | 296.165.052 | 292.697.239 | Skuldir og eigið fé alls | 798.055.854 | 550.273.362 |




Mynd 11. Tekjur og laun hjá embætti landlæknis

Lýðheilsusjóður

Hlutverk [Lýðheilsusjóðs](#) er að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga um landlækni og lýðheilsu, í þeim tilgangi að stuðla að heilsueflingu og forvörnum. Styrkir eru veittir til verkefna og afmarkaðra hagnýtra rannsókna.

Hinn 11. apríl fór fram athöfn í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík þar sem heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, úthlutaði [styrkjum úr Lýðheilsusjóði](#), að fengnum tillögum stjórnar Lýðheilsusjóðs. Styrkjum úr Lýðheilsusjóði var úthlutað til fjölbreyttra verkefna á sviði geðræktar, næringar, kynheilbrigðis, hreyfingar og íþróttaiðkunar, áfengis-, vímu- og tóbaksvarna auk almennrar heilsueflingar. Alls veitti heilbrigðisráðherra [styrki til 151 verkefnis](#) og nema þeir rúmlega **81,5 milljónum** króna.



Mynd 12. Styrkir úr Lýðheilsusjóði til heilsueflingar- og forvarnaverkefna

| Lýðheilsusjóður | | | | | |
|-----------------------------|--------------------|--------------------|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| Rekstrarreikningur | Árið 2022 | Árið 2021 | Efnahagsreikningur | Árið 2022 | Árið 2021 |
| Tekjur: | | | Eignir: | | |
| Sértekjur | | | Fastafjármunir | | |
| Aðrar rekstrartekjur | | | Veltufjármunir | 24.120.983 | 10.930.831 |
| Tekjur alls | | | Eignir alls | 24.120.983 | 10.930.831 |
| Gjöld: | | | | | |
| Tilfærslur | 238.534.000 | 248.378.048 | Skuldir og eigið fé: | | |
| Önnur gjöld | 2.468.747 | 3.768.251 | Höfðustóll 1/1 | 9.223.730 | 1.270.029 |
| Gjöld alls | 241.002.747 | 252.146.299 | Hagnaður/-tap ársins | 13.897.253 | 7.953.701 |
| | | | Eigið fé í árslok | 23.120.983 | 9.223.730 |
| Tekjur umfram gjöld | -241.002.747 | -252.146.299 | Langtímaskuldir | | |
| Framlag úr ríkisjóði | 254.900.000 | 260.100.000 | Skammtímaskuldir | 1.000.000 | 1.707.101 |
| | | | Skuldir alls | 1.000.000 | 1.707.101 |
| Hagnaður/-tap ársins | 13.897.253 | 7.953.701 | Skuldir og eigið fé alls | 24.120.983 | 10.930.831 |

ISSN 1670–746X

Útgefandi

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

©2023 Embætti landlæknis

Ábyrgðarmaður

Alma D. Möller

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Útlit

Jökulá

Umbrot

Embætti landlæknis

Myndir

Embætti landlæknis

Ársskýrsla embættis landlæknis 2022 er gefin út rafrænt.
Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.